
ÞÁTTTAKA BARNNA Í STEFNUMÓTUN OG ÁKVÖRÐUNUM



Skýrsla unnin fyrir félagsmálaráðuneytið 2019



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

© Umboðsmaður barna 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk umboðsmanns barna.....	4
Réttur barna til þátttöku - 12. gr. Barnasáttmálans	6
12. gr. Barnasáttmálans.....	7
Af hverju er þátttaka barna mikilvæg?.....	7
Meginreglur Barnasáttmálans um þátttöku barna	8
Almenn athugasemd barnaréttarnefndarinnar um 12. gr.....	10
Mat á áhrifum á börn.....	16
Leiðbeiningar um framkvæmd mats á áhrifum á börn	20
Kenningar um þátttöku barna	25
Greining Lundy á þátttöku barna	28
Þátttaka barna á Írlandi	31
Þátttaka barna í íslensku samfélagi, staðan í lok árs 2019	32
Sveitarfélög	33
Alþingi	36
Ráðuneyti og stofnanir ríkisins	37
Sérfræðihópar barna	40
Félagasamtök.....	41
Könnun um réttindakennslu og lýðræðisþátttöku í skólum	43
Tillögur	45
Fyrsti áfangi.....	46
Annar áfangi	47
Þriðji áfangi	48
Viðaukar	49
Viðauki 1 – niðurstöður vinnustofu með Lauru Lundy	50
Viðauki 2 – tillögur frá barnaþingi, 21. – 22. nóvember 2019	55

Inngangur

Á vormánuðum 2019 undirrituðu félags- og barnamálaráðherra og umboðsmaður barna, samkomulag um aukið samstarf í málefnum barna. Með samkomulaginu tók embætti umboðsmanns barna að sér að móta tillögur um breytt verklag um þátttöku barna sem settar eru fram í þessari skýrslu sem skilað var til ráðuneytisins í desember 2019.

Hér verður fjallað um mikilvægi aukinnar þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku samkvæmt Barnasáttmálanum, gerð verður grein fyrir þekktum aðferðum á þessu sviði og loks settar fram tillögur um leiðir að aukinni þátttöku barna. Í vinnu umboðsmanns barna var litið til verklags og aðferða hjá ýmsum ríkjum og rannsókna fræðikonunnar Dr. Laura Lundy um þátttöku barna. Lundy hefur greint kjarna 12. gr. Barnasáttmálans í fjóra meginþætti, sem þurfa að vera til staðar í virku og raunverulegu samráði við börn. Þessi atriði eru: *Vettvangur*, að skapa þurfi vettvang þar sem börn eru örugg og fá að taka þátt. *Rödd*, að börn fái nauðsynlegar upplýsingar og stuðning til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, *Áheyrn*, að hlustað sé á það sem börn hafa fram að færa og *Áhrif*, að tekið sé mark á skoðunum barna þannig að þau fái að hafa raunveruleg áhrif í öllum málum sem varða þau.

Tillögurnar sem hér eru settar fram eru ætlaðar stefnumótandi aðilum, framkvæmdaraðilum þjónustu, og þeim sem taka ákvarðanir sem varða börn, hvort sem er innan ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að tillögurnar nýtist jafnframt öðrum aðilum sem bjóða börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu eða stuðning.

Hlutverk umboðsmanns barna

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, skal umboðsmaður vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Umboðsmaður barna skal í störfum sínum leitast við að hafa virkt samráð við börn og hafa hóp barna sér til ráðgjafar um þau málefni sem snúa að börnum í íslensku samfélagi. Í öllu starfi embættis umboðsmanns barna er skýr áhersla á 12. gr. Barnasáttmálans, og unnið að því markmiði að við mótun stefnu og töku ákvarðana sem varða börn verði ávallt leitað eftir og tekið tillit til sjónarmiða þeirra, enda búa börn yfir einstakri reynslu og þekkingu sem og innsýn í reynsluheim barna. Með breytingum á lögum um umboðsmann barna var embættinu falið það hlutverk að afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna.

Samkvæmt 3. gr. skal umboðsmaður barna einkum:

- hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna
- fylgjast með þróun og túlkun Barnasáttmálans
- koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega

- stuðla að því að Barnasáttmálinn sé virtur sem og aðrir alþjóðasamningar sem varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og enn fremur benda á að samningar um þetta efni verði fullgiltir
- bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið hafi verið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu
- stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni og beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á þessu sviði.
- afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna hverju sinni í samvinnu við ýmsa aðila; þau gögn skulu lögð til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnarsýslunnar í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans
- stuðla að þátttöku barna í samfélagslegri umræðu og allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna hjá ríki og sveitarfélögum
- stuðla að því að börn fái kynningu á Barnasáttmálanum og þeim réttindum sem í honum felast.

Í desember 2018 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um umboðsmann barna, sem miðuðu meðal annars að því, að efla þátttöku barna í starfi embættis umboðsmanns barna. Þá var sérstaklega kveðið á um hlutverk umboðsmanns barna í því að stuðla að þátttöku barna í samfélagslegri umræðu og allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna hjá ríki og sveitarfélögum.

Réttur barna til
þátttöku - 12. gr.
Barnasáttmálans

12. gr. Barnasáttmálans

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Af hverju er þátttaka barna mikilvæg?

Börn og ungmenni eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Með þátttöku barna er hægt að bæta þjónustu og tryggja snemmtæka íhlutun í málum barna, á þeirra forsendum, sem leiðir til hagkvæmari lausna, betri meðferðar á opinberu fjármagni og þar með betri árangurs. Þátttaka barna eykur gegnsæi, leiðir til upplýstari og vandaðri ákvarðanatöku og eykur þannig líkurnar á að sátt ríki um þær og þeim verði framfylgt. Með þátttöku barna er hægt að greina álitamál og ávarpa hindranir og tækifæri í málefnum barna sem börn hafa einstaka innsýn í.

Þátttaka barna í stefnumótun og ákvarðanatöku styrkir jafnframt þátttöku barna í samfélagsumræðu og félag- og lýðræðisstarfi. Börn sem fá tækifæri til þátttöku læra að sýna frumkvæði og að vera lausnamiðuð, þau gera sér grein fyrir því að þau geti haft áhrif sem síðan hvetur til frekari þátttöku. Þau sjá oft tækifæri til úrbóta og framfara í þeirra eigin nærumhverfi og þannig getur þátttaka barns orðið hlekkur í langri keðju þróunar og framfara í samfélaginu.

Börn sem fá tækifæri til þátttöku upplýsa gjarnan jafnaldra sína um möguleika á að hafa áhrif en því getur þátttaka barna margfaldast með hverju barni sem fær slíkt tækifæri. Takist að koma á og innleiða með kerfisbundnum hætti þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku sem varðar þau, mun það leiða til samfélags með aukinni þekkingu á réttindum og hagsmunum barna og vandaðri ákvarðanatöku í málefnum þeirra. Hér á eftir verður fjallað um leiðbeiningar um þátttöku barna frá m.a. Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu.

Grundvallaratriði er varða þátttöku barna

Frjáls og óþvinguð þátttaka: Ekki má beita barn þrýstingi eða þvingunum til þess að fá það til þátttöku því eingöngu er um að ræða rétt en ekki skyldu. Æskilegt er að ávallt liggja fyrir fyrirfram veitt og helst skriflegt samþykki barns fyrir þátttöku.

Upplýst samþykki: Börn og forsjáraðilar þeirra eiga að fá upplýsingar um eðli þátttökunnar hverju sinni, tilgang hennar, og hvernig sjónarmið barna eiga að verða hluti af t.d. ákvörðun, stefnu eða áætlun. Það þýðir jafnframt að upplýsa þarf börn fyrirfram um hverjir fá upplýsingar eða gögn um þátttöku þeirra og framkomnar athugasemdir og hugmyndir.

Þátttaka með tilgangi: Þátttaka barna á að þjóna tilteknum og raunhæfum tilgangi sem liggur fyrir í upphafi.

Virðing fyrir þátttakendum: Börn sem taka þátt eiga að finna að framlag þeirra sé mikils metið og að athugasemdir þeirra verði teknar til greina.

Örugg þátttaka: Ávallt á að búa þannig um hnútana að þátttaka barna stefni ekki velferð eða heilsu þeirra í hættu.

Endurmat: Brýnt er að börn séu upplýst um vægi sjónarmiða þeirra og áhrif þeirra á lyktir máls.

Samantekt af meginreglum um þátttöku barna og ungmenna úr tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. CM/Rec(2012)2¹

Engin aldurstakmörk gilda um rétt barna til að tjá skoðanir sínar frjállega. Öll börn, þar með talin börn á leikskólaaldri, börn í grunnskóla og börn sem eru utan skóla, eiga rétt á því að fá að tjá sig í öllum málum sem varða þau, og gefa á skoðunum þeirra vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Réttur barna til þátttöku á við án mismununar vegna t.d. uppruna, kyns, móðurmáls, skoðana, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða stöðu þeirra að öðru leyti.

Taka þarf tillit til mismunandi þroska barna og eiga fullorðnir að hvetja þau til að nýta stigvaxandi rétt sinn til að hafa áhrif á öll mál sem varða þau.

Grípa þarf til sérstakra ráðstafana til að stuðla að þátttöku barna sem njóta ekki sömu tækifæra og önnur börn, eins og t.d. börn í viðkvæmri stöðu, eða börn sem upplifa mismunun eða jafnvel marghliða mismunun.

Foreldrar og aðrir umönnunaraðilar barna hafa mikilvægu hlutverk að gegna í að viðurkenna og styðja við rétt barna til þátttöku.

Til þess að þátttaka barna sé virk og þjóni tilsettu markmiði, þarf að veita börnum nauðsynlegar upplýsingar og stuðning, í samræmi við aldur og aðstæður þeirra, þannig að þau geti talað fyrir eigin málstað.

Virk og sjálfbær þátttaka barna kallar á innleiðingu ferla og skuldbindingu til lengri tíma.

Börn sem nýta rétt sinn til þess að tjá skoðanir sínar þurfa að njóta verndar gegn hótunum, refsingum eða öðrum brotum á rétti þeirra til tjáningar og þátttöku.

Ávallt á að upplýsa börn um umfang og takmarkanir á þátttöku þeirra, um fyrirhugaða og raunverulega útkomu hverju sinni og hvernig tekið var tillit til skoðana þeirra.

Meginreglur Barnasáttmálans um þátttöku barna

Árið 2013 var Barnasáttmálinn lögfestur sbr. lög nr. 19/2013. Í sáttmálanum er að finna ýmis réttindi sem skylt er að tryggja öllum börnum, án mismununar af nokkru tagi.

Í 3. og 12. gr. Barnasáttmálans er að finna tvær grundvallareglur hans. Þær fela ekki einungis í sér efnisreglur sem veita börnum sjálfstæð réttindi, heldur teljast

¹ Sjá nánar á: <https://rm.coe.int/168046c478>

þær einnig meginreglur sem hafa áhrif á túlkun annarra réttinda samkvæmt sáttmálanum. Þar að auki fela þessi ákvæði í sér málsmeðferðarreglur, sem opinberum aðilum er skylt að fylgja, áður en þeir taka ákvarðanir eða gera aðrar ráðstafanir sem varða börn.

Það sem er barni fyrir bestu

Í 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Þessi regla er einnig sérstaklega áréttuð í 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, en þar segir að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða málefni þess.

Það sem er börnum fyrir bestu er matskennt atriði en Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem ber ábyrgð á túlkun Barnasáttmálans, hefur með almennri athugasemd sinni nr. 14 veitt nánari leiðbeiningar um inntak reglunnar og þær skyldur sem hún leggur á ríkið. Nefndin leggur meðal annars áherslu á að við alla ákvörðunartöku sem varðar börn skuli fara fram sérstök greining og mat á áhrifum ákvörðunar á hagsmuni og réttindi þeirra. Þegar það er gert aukast líkurnar á að ákvörðunin sé í bestu samræmi við hagsmuni barns eða barna eftir því hvað við á hverju sinni.

Í framkvæmd eru ákvarðanir teknar reglulega sem hafa áhrif á líf barna án þess að fram fari mat á hagsmunum þeirra. Á það ekki síst við þegar verið er að taka ákvarðanir sem við fyrstu sýn virðast ekki varða börn sérstaklega en hafa engu að síður umfangsmikil áhrif á hagsmuni, velferð eða framtíð þeirra. Á þetta til dæmis við um umhverfis- og skipulagsmál og ráðstöfun opinbers fjármagns.

Réttur barna til að hafa áhrif

Barnaréttarnefndin hefur ítrekað bent á að ekki sé hægt að meta hvað sé börnum fyrir bestu án þess að hlustað sé á sjónarmið barnanna sjálfra. Réttur barna til þess að hafa áhrif er tryggður í 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans, en þar kemur fram að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varðar, og taka skal tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í 2. mgr. er þessi réttur sérstaklega áréttuður þegar kemur að málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi. Þessi réttur barna er einnig tryggður í 3. mgr. 1. gr. barnalaga. Nánar er fjallað um inntak 12. gr. Barnasáttmálans í almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar nr. 12.

Af fyrrnefndri reglu er ljóst að ávallt er skylt að gefa börnum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Þá ber að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska. Barnaréttarnefndin hefur lagt áherslu á að það sé ekki rétt að ætla að hlífa börnum með því veita þeim ekki tækifæri til þess að tjá sig. Þvert á móti ber að upplýsa börn sérstaklega um þennan rétt og tryggja barnvænar aðstæður og aðferðir, þannig að börn geti öruggt tjáð sig á eigin forsendum, velji þau að gera það.

Þegar verið er að taka ákvarðanir sem varða hóp barna eða börn almennt virðist sjaldnast leitað eftir sjónarmiðum barna. Á það jafnvel við þegar um er að ræða ákvarðanir sem eru til þess fallnar að hafa mikil áhrif á daglegt líf barna. Það er brýnt að opinberir aðilar virði réttindi barna og hafi samráð við þau áður en teknar eru ákvarðanir sem varða hagsmuni þeirra.

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn. Þekking á sáttmálanum er jafnframt grundvallarforsenda þess að réttindi barna séu virt í framkvæmd.

Almenn athugasemd barnaréttarnefndarinnar um 12. gr.

Með svokölluðum almennum athugasemdum veitir barnaréttarnefndin leiðbeiningar um túlkun Barnasáttmálans. Athugasemdirnar snúa ýmist að ákveðinni grein Barnasáttmálans eða fjalla um réttindi barna á tilteknum sviðum. Árið 2006 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd nr. 12 sem fjallar um 12. grein sáttmálans og rétt barna til þátttöku en hér á eftir fylgir samantekt.

Réttur barna til að láta skoðanir sínar frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, er ein af meginreglum Barnasáttmálans, sem líta þarf til við túlkun og beitingu annarra ákvæða sáttmálans. 12. greinin ávarpar lagalega og félagslega stöðu barna, og þá staðreynd að þau njóta ekki fulls sjálfsákvörðunarréttar á við fullorðna einstaklinga, en eru þó réttthafar engu að síður.

Það er skylda aðildarríkjanna að viðurkenna þennan rétt barna og stuðla að því að hann sé virtur með því að setja eða endurskoða lög sem tryggja að börn njóti ávallt þessa réttar. Aðildarríki eiga að stefna að því að túlkun og framkvæmd annarra réttinda Barnasáttmálans byggji á ákvæðum 12. greinar.

Börn eiga rétt á því að hafna því að tjá sig, en um er að ræða rétt barna, en ekki skyldu. Aðildarríki þurfa að tryggja að börn fái allar nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf til þess að taka ákvörðun, út frá eigin hagsmunum, um það hvort þau kjósa að tjá sig eða ekki. 12. greinin tekur ekki eingöngu mið af því að börn séu viðkvæmur hópur og háður fullorðnum, heldur byggir greinin fyrst og fremst á því að börn séu réttthafar og eigi því að fá að hafa áhrif á eigið líf og aðstæður.

Réttur einstakra barna sem og hópa barna til að láta í ljós skoðanir sínar

Skilyrði 12. greinarinnar um að taka skuli réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska á við um einstök börn en einnig hópa barna. Aðildarríki eiga að grípa til ráðstafana til að tryggja, ef við á, hópum barna réttinn til að láta í ljós skoðanir sínar, jafnvel þó að það sé vandkvæðum bundið að leggja mat á aldur og þroska einstakra barna innan hópsins. Aðildarríki eiga að hvetja börn til þess að mynda sér skoðanir og búa börnum aðstæður og umhverfi sem styður við rétt barnanna til þess að láta í ljós skoðanir sínar.

Túlkun hugtaka

„Aðildarríki skulu tryggja“

Þetta orðalag felur í sér skyldu aðildarríkja til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að innleiða að fullu þessi réttindi fyrir öll börn.

„sem myndað getur eigin skoðanir“

Ekki á að líta á þetta orðalag sem takmarkandi heldur sem skyldu sem lögð er á aðildarríkin um að leggja ávallt mat á það hvort barn er fært um að mynda sér eigin skoðanir. Gera á ráð fyrir því að barn búi yfir þeirri færni að geta tjáð eigin skoðanir.

Barnaréttarnefndin áréttar sérstaklega að um rétt barns samkvæmt 12. gr. gildi engin aldurstakmörk og er aðildarríkjum bent á að ekki eigi að setja eða miða við tiltekin aldursmörk sem geti takmarkað þennan rétt.

Þá ber að líta til þess að mjög ung börn geta tjáð sig þó svo að þau geti ekki gert það með orðum. Eigi að innleiða 12. greinina að fullu þarf að viðurkenna og virða önnur tjáningarform eins og leik, líkamstjáningu, svipdrætti og teikningar, sem leiðir fyrir ung börn að tjá skilning sinn, val og vilja. 12. greinin gerir ekki kröfu um að börn skilji að fullu allar hliðar máls sem varðar þau, eingöngu þarf að vera til staðar fullnægjandi skilningur, þannig að barn geti myndað sér skoðun.

Aðildarríki þurfa að vera á verði gagnvart mögulegum neikvæðum afleiðingum þess að börn nýti rétt sinn til að tjá sig, en tryggja þarf að þátttaka barna njóti fullrar verndar.

„rétt til að láta þær frjálsglega í ljós“

Í þessu samhengi þýðir frjálsglega að barn fær að tjá skoðanir sínar án þess að verða fyrir þrýstingi og tekur sjálfst ákvörðun um það hvort það kýs að nýta sér réttinn til þess að tjá sig eða ekki. Barnið á rétt á að tjá eigin skoðanir, en á ekki að þurfa að tjá skoðanir annarra.

Barn verður að upplifa virðingu og á að fá tækifæri á að tjá sig í öruggu umhverfi sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum þess. Þannig verður því gert kleift að láta skoðanir sínar frjálsglega í ljós. Barnaréttarnefndin leggur jafnframt áherslu á að ekki eigi að taka viðtal við barn oftast en nauðsynlegt er, sérstaklega þegar verið er að ræða erfiða reynslu þess.

Til þess að barn geti látið skoðanir sínar frjálsglega í ljós, þarf sá sem ræðir við barnið eða foreldrar þess eða forsjáraðilar, að upplýsa barn um það mál sem er til meðferðar, hvaða valmöguleikar eru í stöðunni og innihald og afleiðingar mögulegrar ákvörðunar. Einnig þarf að upplýsa barnið um þær aðstæður sem eru fyrir hendi á staðnum þar sem til stendur að ræða við það. Rétturinn til upplýsinga er grundvöllur þess að barn geti tekið upplýsta ákvörðun um að tjá sig.

„í öllum málum sem það varða“

Við samningu Barnasáttmálans var því hafnað að takmarka mál sem varða börn samkvæmt 12. gr. við tiltekna málaflökka. Hefur barnaréttarnefndin lýst því yfir að með málum sem varða börn sé ekki eingöngu átt við þau málefni sem fjallað er um í Barnasáttmálanum. Því eiga aðildarríkin að leita eftir sjónarmiðum barna í öllum málum þar sem skoðanir þeirra geta bætt gæði lausna eða ákvarðana.

„skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska“

Hér er átt við færni barnsins, sem leggja þarf mat á til þess að unnt sé að taka réttmætt tillit til skoðana þess, og svo unnt sé að upplýsa barn um þau áhrif sem skoðanir þess höfðu á endanlega niðurstöðu.

Með því að gera kröfu um að taka skuli réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur og þroska, er það skýrt með afgerandi hætti, að ekki sé hægt að ákvarða mikilvægi þess sem barn kemur á framfæri, eingöngu út frá aldri þess. Upplýsingar sem barn býr yfir, reynsla þess, nærumhverfi þess, félagslegar og menningarlegar væntingar, og veittur stuðningur, stuðla að aukinni hæfni barns til að tjá sig. Því þarf að fara fram einstaklingsbundið mat hverju sinni.

Með þroska er átt við færni til að skilja og leggja mat á afleiðingar. Erfitt er að skilgreina þroska í þessu samhengi, en litið er svo á að um sé að ræða færni barns til að tjá sig sjálfstætt og með skynsamlegum hætti. Leggja þarf mat á áhrifin á barnið hverju sinni, en eftir því sem áhrifin eru meiri á líf barnsins, þeim mun mikilvægara er að leggja viðeigandi mat á þroska barnsins.

„veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar“

Barnaréttarnefndin áréttar að skilyrðið eigi við um hvers konar málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi, án nokkurra takmarkana. Með málsmeðferð fyrir stjórnvaldi er átt við ákvarðanir sem varða menntun barns, heilsu, uppeldisaðstæður þess, eða mögulega þörf barns fyrir vernd. Það á einnig við um sáttamiðlun eða gerðardóm. Rétturinn til þess að fá að tjá sig á einnig við um málsmeðferð sem barn á frumkvæði að, eins og málsmeðferð vegna kvörtunar barns yfir illri meðferð eða í málum þar sem brottvísun úr skóla er mótmælt. Barn á einnig rétt á að tjá sig við málsmeðferð sem aðrir aðilar eiga frumkvæði að, en sem hafa áhrif á barn, eins og vegna skilnaðar eða sambúðarslita foreldra eða ættleiðingar. Aðildarríki eru hvött til þess að setja löggjöf sem leggur þá skyldu á þá sem taka ákvörðun í máli barns fyrir dómstólum eða stjórnvöldum, að útskýra hvaða áhrif skoðanir barna hafa haft á meðferð og lyktir máls, og mögulegar afleiðingar niðurstöðunnar fyrir barnið.

Barn getur ekki tjáð sig frjálsglega nema í umhverfi sem hæfir barni á þeim aldri. Málsmeðferð verður að vera aðgengileg og barnvæn. Veita á barnvænar upplýsingar, styðja á barn í að tala eigin máli, starfsfólk verður að hafa fengið viðeigandi þjálfun, dómssali þarf að hanna út frá þörfum barna, og bjóða þarf upp á skilrúm og sérstakar biðstofur fyrir börn.

„annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar“

Þegar barn hefur tekið ákvörðun um að tjá sig, þarf hann eða hún að ákveða með hvaða hætti, beint eða fyrir milligöngu talsmanns. Barnaréttarnefndin áréttar að sé það mögulegt, á að bjóða barni þann valkost að tjá sig með beinum hætti.

Talsmaður barns getur verið forsjáraðili, lögfræðingur eða annar aðili eins og t.d. félagsráðgjafi. Líta ber til þess að um hagsmunaárekstra getur verið að ræða milli barna og t.d. foreldra. Það er mikilvægt að skoðunum barna sé komið rétt á framfæri til þeirra sem taka ákvarðanir, með þeim hætti sem barnið kýs.

Talsmenn verða að búa yfir nauðsynlegri þekkingu og skilningi á hinum ýmsu hliðum ákvörðunartökunnar auk reynslu af því að vinna með börnum. Talsmaður barns verður að vera meðvitaður um að hans hlutverk felst eingöngu í að gæta hagsmuna barnsins, en ekki annarra, eins og foreldra, stofnana eða annarra aðila. Þá þarf að setja talsmönnum barna siðareglur.

Hvernig á að innleiða rétt barna til að tjá sig?

Undirbúningur

Tryggja þarf að barn sé upplýst um rétt sinn til þess að tjá sig, valmöguleikann á að tjá sig beint eða í gegnum talsmann og hvað það felur í sér. Einnig er gerð krafa um að sá sem ætlar að taka ákvörðun undirbúi barn fyrir þátttöku þess í málsmeðferðinni.

Rætt við barn

Ræða á við barn í aðstæðum sem eru öruggar og valdeflandi og sá sem ræðir við barn verður að vera reiðubúinn að hlusta og taka mark á því sem barnið hefur fram að færa. Þá er mikilvægt að um samtal sé að ræða en ekki einhliða skýrslutöku. Viðtöl við börn ættu helst að fara fram að sem fæstum viðstöddum.

Mat á færni barns

Ef barn getur myndað eigin skoðanir, ber þeim sem tekur ákvörðun, að taka tillit til þeirra, enda eru þær mikilvægar hluti af því að leiða mál til lykta.

Upplýsingar um vægi skoðana barnsins (endurgjöf)

Sá sem tekur ákvörðun þarf að upplýsa barn um niðurstöðuna hverju sinni og það vægi sem skoðanir barns höfðu á lyktir máls. Þessari endurgjöf er ætlað að tryggja að þátttaka barns hafi raunverulegt vægi en sé ekki eingöngu formsatriði.

Kvartanir, úrræði og úrbætur

Löggjöfin þarf að tryggja börnum aðgengi að úrskurðaraðilum ef brotið er á réttindum þeirra. Börn eiga að hafa möguleika á að beina umkvörtunum sínum til umboðsmanns barna eða sambærilegs aðila hjá öllum stofnunum fyrir börn, eins og í skólum, og leikskólum. Börn eiga að vita til hverra er hægt að leita og með hvaða hætti.

Ef réttur barns til að fá að tjá sig er ekki virtur við málsmeðferð fyrir dómstólum eða stjórnvöldum á að veita barni aðgang að viðeigandi áfrýjunar- og kvörtunarleiðum og tryggja þarf að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar fyrir barn að áfrýja eða kvarta.

Skyldur aðildarríkja

- Leggja mat á og síðan fjarlægja þær hindranir sem koma í veg fyrir að 12. gr. sé framfylgt.
- Setja á laggirnar sjálfstæðar mannréttindastofnanir, eins og embætti umboðsmanns barna, eða sambærilega stofnun.
- Þjóða upp á fræðslu og þjálfun um beitingu 12. gr. til allra fagaðila sem vinna með og fyrir börn, eins og lögfræðinga, dómara, lögreglu, félagsráðgjafa, sálfræðinga, starfsfólks stofnana fyrir börn, heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks í stjórnslu.
- Tryggja viðeigandi aðstæður þannig að unnt sé að styðja við og hvetja börn til þess að tjá skoðanir sínar. Nauðsynlegt er að setja ákvæði þess efnis í lög og reglugerðir og verklagsreglur stofnana, og leggja þarf reglulega mat á slík ákvæði og raunverulega virkni þeirra og áhrif.
- Grípa þarf til ráðstafana til að breyta rótgrónum og neikvæðum viðhorfum til barna, semverða þess valdandi að þau fá ekki að tjá sig.

Sérstakar skyldur aðildarríkja varðandi málsmeðferð fyrir dómstólum eða stjórnvöldum

Skilnaður eða sambúðarslit foreldra

Setja þarf ákvæði í alla löggjöf sem varðar skilnað eða sambúðarslit foreldra, um rétt barna til að tjá sig við þá aðila sem taka ákvarðanir um til dæmis forsjá eða lögheimili barns. Hvað varðar mat á aldri og þroska barns, ber að leggja einstaklingsbundið mat á það hverju sinni.

Vistun barns utan heimilis

Þegar tekin er ákvörðun um vistun barns utan heimilis, ber að taka tillit til skoðana barnsins, þannig að unnt sé að taka ákvörðun um það sem er barni fyrir bestu.

Aðildarríkjum ber skylda til þess að tryggja, að ávallt sé leitað eftir skoðunum barna og að tekið sé tillit til þeirra, í ákvörðunum um vistun barns utan heimilis, við gerð meðferðaráætlana og endurmat á þeim, og við ákvarðanir um heimsóknir barna, sem vistuð eru utan heimilis, til foreldra og fjölskyldu.

Ættleiðing barns

Það er mikilvægt að barn fái að tjá sig um mögulega fyrirhugaða ættleiðingu þess, jafnvel þó svo að um ættleiðingu stjúp- eða fósturforeldra sé að ræða. Aðildarríkjum ber að setja löggjöf sem tryggir að börn sem til stendur að ættleiða, verði upplýst um áhrif ættleiðingar, og fái tækifæri til að tjá sig áður en ættleiðing gengur í gegn.

Réttur barns til þess að tjá sig við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi

Við meðferð sakamála þarf að virða að fullu rétt barnsins samkvæmt 12. gr. og framfylgja þarf þeim rétti á öllum stigum málsins.

Barn sem hefur brotið af sér

Barn sem ásakað er um brot á hegningarlögum á rétt á því að fá að tjá sig ef það svo kýs, frá fyrstu stigum rannsóknar máls. Ef beita á úrræðum á við sáttamiðlun, verður barn að gefa frjálst og upplýst samþykki sitt fyrir slíkri ráðstöfun, og veita á barni möguleika á lögfræðilegri ráðgjöf og stuðningi við að taka þá ákvörðun.

Til þess að barn geti tekið fullan þátt í meðferð máls, þarf að veita því viðeigandi upplýsingar um ásakanir á hendur þess, á tungumáli sem barnið skilur, sem og upplýsingar um málsmeðferðina og þær ráðstafanir sem dómstóll getur gripið til. Málsmeðferð þarf að vera með þeim hætti að barni sé gert kleift að taka þátt og tjá sig frjállega. Meðferð mála þar sem barn er grunað um refsiverða háttsemi, á að fara fram bak við luktur dyr. Undantekningar frá þeirri reglu eiga að vera fáar og skýrt afmarkaðar í löggjöf og byggja á bestu hagsmunum barns.

Börn sem þolendur og sem vitni

Gefa á börnum, sem eru þolendur afbrota eða hafa orðið vitni að slíku, tækifæri til að nýta rétt sinn til að tjá sig. Leita þarf allra leiða til að tryggja að samráð sé haft við barn sem er þolandi afbrots, eða hefur orðið vitni að slíku athæfi, um

aðkomu þeirra að málsmeðferð, og veita á þeim tækifæri til að tjá sig frjálsglega, á þann hátt sem þau velja, við meðferð máls fyrir dómi. Börn í þessari stöðu eiga jafnframt rétt á upplýsingum um tiltæk stuðningsúrræði, um tíma- og staðsetningu fyrir meðferð máls, möguleika á að sækja um skaðabætur ef við á, og um áfrýjunarmöguleika.

Réttur barna á að tjá sig við meðferð máls fyrir stjórnvaldi

Aðildarríkjum ber að setja reglur um meðferð stjórnsýslumála, sem endurspeglar þær kröfur sem 12. gr. gerir, eins og um rétt barna til að fá að tjá sig, rétturinn til upplýsinga, og réttur til þess að njóta aðstoðar talsmanns, ef við á. Meðferð stjórnsýslumáls þar sem barn á aðild þarf að vera barnvæn og aðgengileg.

Mat á áhrifum á börn

4. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Þrátt fyrir lögfestingu Barnasáttmálans er sjaldgæft að fram fari mat á áhrifum á börn, jafnvel þegar um er að ræða tillögur sem snúa beint eða jafnvel eingöngu að börnum. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að framkvæmd mats á áhrifum á börn hvetur til frekari samstarfs milli stofnana, leiðir til ákvarðanatöku sem byggir á gagnreyndum aðferðum og eykur gegnsæi og ábyrgð².

Í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa³ kemur fram að þegar setja á nýjar reglur eða fram á að fara endurskoðun á gildandi reglum eigi að fara fram mat á áhrifum. Segir enn fremur í handbókinni að við vinnslu frumvarpa beri að rekja helstu afleiðingar samþykktar frumvarpsins fyrir hagsmunaaðila til þess að bregða upp eins áreiðanlegri mynd og hægt er miðað við aðgengilegar upplýsingar. Meðal þess sem handbókin gerir kröfu um er að við samningu lagafrumvarpa fari ávallt fram mat á áhrifum og að sérstaklega sé litið til hagsmuna á borð við vernd umhverfis og jafnrétti kynjanna. Ef tillaga hefur neikvæð áhrif eða felur í sér áhættu ber að rökstyðja hvernig dregið verður úr eða komið í veg fyrir þau áhrif. Skýra skal frá aðferðafræði matsins, þeim forsendum sem liggja til grundvallar og hvaða óvissuþættir eru fyrir hendi.

Samkvæmt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna er þörf á því að meta með kerfisbundnum hætti áhrif lagafrumvarpa, stefnu eða ráðstöfun opinbers fjármagns á börn. Mat á áhrifum á börn er jafnframt liður í því að meta stöðu innleiðingar Barnasáttmálans. Þar af leiðandi þarf að festa þetta ferli í sessi á öllum stigum stjórnsýslunnar og matið þarf ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku.

Mat á áhrifum á börn, eða *Child right impact assessment* eða CRIA, hefur verið innleitt víða eins og t.d. í Svíþjóð, Kanada, Belgíu, Skotlandi, Norður Írlandi, Englandi, Wales og Nýja Sjálandi.⁴ Þó ber til þess að líta að framkvæmdin er með afar mismunandi hætti.

Í Wales er opinberum aðilum skylt að fylla út eyðublað fyrir CRIA til að gera grein fyrir því hvernig hafi verið staðið að matinu. Meðal þess sem gera á grein fyrir eru eftirfarandi þættir:

Hver er aðgerðin og hvert er markmið hennar?

- Greining á áhrifum
- Hvernig styður aðgerðin við réttindi barna?

² Hanna, K., Hassall, I. and Davies, E., 'Child impact reporting', *Social Policy Journal of New Zealand*, vol. 29, 2006, pp. 32–42

³ https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/utgefifedfni/handbok_lagafrumvorp.pdf

⁴ [HTTP://WWW.CBA.ORG/PUBLICATIONS-RESOURCES/PRACTICE-TOOLS/CHILD-RIGHTS-TOOLKIT/THEYSTEM/CHILD-RIGHTS-IMPACT-ASSESSMENTS](http://www.cba.org/publications-resources/practice-tools/child-rights-toolkit/thefsystem/child-rights-impact-assessments)

- Hefur viðkomandi ráðuneyti fengið ráðgjöf um samræmi tillögunnar við Barnasáttmálann eða aðrar alþjóðlegar skuldbindingar?
- Miðlun niðurstöðu matsins (gera á grein fyrir því til hverra niðurstöðum matsins er miðlað og með hvaða hætti)
- Framkvæmd endurmats á áhrifum á börn (með hliðsjón af framkomnum athugasemdum úr samráði).

Almenn athugasemd um framkvæmd Barnasáttmálans

Barnaréttarnefndin hefur ítrekað bent á að markviss innleiðing Barnasáttmálans kallar á framkvæmd mats á áhrifum á börn. Í almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar nr. 5, um framkvæmd Barnasáttmálans⁵, er fjallað um nauðsyn þess að fram fari mat á áhrifum á börn sem og reglulegt endurmat og mat á árangri. Þar kemur einnig fram að aðildarríkjum sáttmálans ber að viðhafa eigið eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans og að leggja mat á það hvernig unnt er að uppfylla skilyrði 3. greinarinnar með því að tryggja samþættingu sjónarmiða um réttindi barna í allri stefnumótun.

Árið 2013 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd nr. 14⁶, um 3. gr. sáttmálans og meginregluna um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang. Þar kemur fram að ákvarðanataka sem varðar einstakt barn, hóp barna eða börn almennt, á að byggja á mati á mögulegum áhrifum á þau börn sem um ræðir. Þá segir nefndin að til að tryggja að bestu hagsmunir barna séu í forgangi við setningu löggjafar, mótun stefnu og veitingu þjónustu á öllum stigum, þarf að vera til staðar viðvarandi ferli um mat á áhrifum á börn, til þess að unnt sé að sjá fyrir áhrif tillagna á börn og möguleika þeirra á að njóta réttinda sinna.

Almenn athugasemd um réttindi barna við gerð opinberrar fjármálaáætlunar

Árið 2016 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd nr. 19, um innleiðingu réttinda barna í opinberri fjármálaáætlunargerð. Þar beinir nefndin því til aðildarríkja⁷ að framkvæma mat á áhrifum á börn, til þess að sjá fyrir áhrif löggjafar, stefnu eða annarra aðgerða sem varða börn. Einkum ber að líta til barna í viðkvæmri stöðu en ljóst er að taka þarf til skoðunar að veita hlutfallslega hærri fjárveitingum af hálfu hins opinbera til þess að styrkja stöðu þeirra. Þá áréttar nefndin að mat á áhrifum á börn eigi að framkvæma á öllum stigum áætlunargerðar.

Aðildarríkjum er frjálst að beita fjölbreyttum aðferðum við mat á áhrifum á börn en líta ber til Barnasáttmálans, almennra athugasemda barnaréttarnefndarinnar, og lokaathugasemda nefndarinnar til aðildarríkja eftir því sem við á. Þá þarf jafnframt að leita upplýsinga hjá börnum og öðrum hagsmunaaðilum, frjálsum félagasamtökum, sérfræðingum, stofnunum og háskólum. Niðurstöður mats á áhrifum eiga síðan að leiða til tilmæla um breytingar eða aðra valkosti og birta á þær opinberlega.

Mat á áhrifum á börn þýðir að litið er til beinna eða óbeinna áhrifa lagasetningar, stefnumótunar eða stjórnarsýsluákvæðana á einstakt barn, hóp barna eða börn

⁵https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fGC%2f2003%2f5&Lang=en

⁶https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f14&Lang=en

⁷https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fGC%2f19&Lang=en

almennt. Áhrifin sem leggja á mat á, geta verið til lengri eða skemmri tíma, en með mati á áhrifum er horft á tillögur í gegnum „barnagleraugun“⁸ og mat lagt á áhrif á börn út frá ákvæðum Barnasáttmálans og löggjöf sem varðar réttindi barna, hagsmuni þeirra og velferð. Börn geta tekið þátt með beinum hætti í mati á áhrifum á þau, sem getur verið öflug leið til þess að ná fram sjónarmiðum barna og ungmenna sem tilheyra jaðarsettum hópum. Þá getur mat á áhrifum verið mikilvægt verkefni fyrir ráðuneyti og stofnanir sem ekki veita börnum þjónustu til þess að koma á ferlum um samráð við börn.

Einnig ber við mat á áhrifum á börn að hafa í huga að óháð vilja löggjafans eða þess sem tekur ákvörðun hverju sinni, þá hafa flestar stefnur, frumvörp og aðgerðaáætlanir einhver áhrif á líf barna⁹. Því er mikilvægt að innleiða mat á áhrifum á börn til að samþætta alþjóðlegar meginreglur um réttindi barna við mótun stefnu, forgangsröðun aðgerða og töku ákvarðana. Í rannsókn sem Dr. Laura Lundy ásamt fleiri sérfræðingum framkvæmdi fyrir UNICEF árið 2012¹⁰ kemur fram að ákveðnir þættir styðji við vandað mat á áhrifum.

- Pólítísk skuldbinding
- Þátttaka þeirra sem koma að ákvörðun
- Setning stefnu sem styður við framkvæmd matsins
- Fyrir liggja skýr tilgangur þess að leggja á mat á áhrif
- Aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum
- Virk þátttaka barna
- Innleiðing ferla fyrir viðvarandi mat á áhrifum og reglulegt endurmat

Mat á áhrifum á börn er verkfæri sem gerir aðilum sem móta stefnu eða setja löggjöf kleift að uppfylla skilyrði Barnasáttmálans og felur í sér:

- Að litið er á börn sem réttthafa frekar en hlutlausu móttakendur aðgerða fullorðinna
- Möguleg áhrif á börn og réttindi þeirra, t.d. í stefnu, frumvarpi, reglugerð, fjármálaáætlun eða stjórnsýsluákvörðun, eru metin fyrir fram, sem gefur möguleika á mótvægisáðgerðum
- Eftirlit með áhrifum tillagna á réttindi barna felur í sér viðvarandi mat og eftirfylgd
- Jákvæð áhrif á börn verða háþyrðuð og komið verði í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á réttindi og velferð barna

UNICEF hefur skilgreint þrjú skref sem séu nauðsynleg þegar leggja á mat á fyrirbyggjandi tillögur eða við endurmat á tillögum eða aðgerðum sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd¹¹.

1. Skilgreining valkosta og ákvörðun um umfang

- Komast þarf að niðurstöðu um það sem leggja á mat á hverju sinni
- Taka þarf til skoðunar hvort líta eigi til tiltekinna flokka réttinda samkvæmt Barnasáttmálanum til þess að einfalda ferlið

⁸ Corrigan, C (2006) The development and implementation of Child Impact Statements in Ireland. Dublin: Office of the Minister for Children

⁹ <https://www.qub.ac.uk/research-centres/CentreforChildrensRights/filestore/Filetoupload%2C485596%2Cen.pdf>

¹⁰ <https://www.qub.ac.uk/research-centres/CentreforChildrensRights/filestore/Filetoupload%2C485596%2Cen.pdf>

¹¹ UNICEF, [Child Rights Toolkit: Integrating Child Rights in Development Cooperation](#), (2014)

- Ef um er að ræða nógildandi lög eða stefnu sem þegar hefur verið sett getur mat á áhrifum þjónað þeim tilgangi að vera matstæki til þess að koma auga á áður óþekktar afleiðingar og áhrif

2. Framkvæmd mats

- Leggja þarf mat á tillögur að löggjöf, stefnu eða öðrum reglum til þess að komast að niðurstöðu um möguleg áhrif á börn. Hér ætti að byggja á margvíslegum upplýsingum úr t.d. fræðiritum, frá sérfræðingum (þ.m.t. börnum og félagasamtökum), og loks almennum athugasemdum og lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar
- Nýta á fjölbreyttar aðferðir við framkvæmd matsins í samræmi við þann tíma sem er til stefnu og umfang mats hverju sinni
- Virkja þarf þær stofnanir sem eru með viðkomandi stefnu eða löggjöf á sínu málefna sviði
- Staðfesta þarf þau réttindi barna sem á reynir hverju sinni:
 - o Grundvallarreglur Barnasáttmálans (2, 3, 6, og 12. gr.)
 - o Önnur ákvæði Barnasáttmálans sem mögulega reynir á
- Í samvinnu við þær stofnanir sem um ræðir, á að setja fram tillögur um breytingar, til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem mat á áhrifum hefur leitt í ljós

3. Miðlun

- Nauðsynlegt er að birta upplýsingar um niðurstöðu mats á áhrifum á börn ásamt tilmælum til þeirra sem taka ákvarðanir til að auka gegnsæi og sátt um niðurstöður
- Miðla á upplýsingum til stofnana á kerfisbundinn hátt og í samræmi við það á hvaða stigi ákvarðanatöku

Leiðbeiningar um framkvæmd mats á áhrifum á börn

Umboðsmaður barna í Svíþjóð hefur sett fram leiðbeiningar um framkvæmd mats á áhrifum í málum sem varða börn, en hér á eftir fylgir samantekt.¹²

Leiðbeiningarnar er hægt að nýta til þess að leggja mat á það sem er börnum fyrir bestu hverju sinni, hvort sem um er að ræða einstakt barn, hóp barna eða börn almennt. Þá er hægt að nýta leiðbeiningarnar í fjölbreyttri starfsemi en mikilvægt er að aðlaga aðferðafræðina í samræmi við hlutverk og ábyrgð viðkomandi stofnunar og það málefni sem til umfjöllunar er hverju sinni.

Það er mikilvægt að mat á áhrifum á börn sé fastur liður í viðkomandi starfsemi. Það þarf að liggja fyrir hvaða ákvarðanatöku varðar börn og ungmenni og meta þarf í kjölfarið hvaða breytingar þarf að gera á vinnuaðferðum viðkomandi stofnunar til þess að tryggja að matið fari ávallt fram þar sem við á.

Grundvallarákvæði Barnasáttmálans, þ.e. 2., 3., 6., og 12. gr. eru mikilvæg verkfæri við framkvæmd mats á áhrifum á börn. Sérstaklega ber að líta á 3. gr., sem kveður á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang í allri ákvarðanatöku, sem mikilvæga grunnreglu, í öllu starfi sem varðar framkvæmd

¹² https://www.barnombudsmanen.se/globalassets/dokument-for-nedladdning/publikationer/faktablad/faktablad2_uppna11.pdf

Barnasáttmálans. Þá er mikilvæga vísireglu að finna í 12. gr. sáttmálans, sem kveður á um virðingu fyrir skoðunum barna, en það ákvæði er nátengt 3. gr.

Til þess að unnt sé að leggja mat á það sem barni er fyrir bestu þarf að gefa barninu tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Þá þarf að gefa skoðunum barns vægi en það er fyrst þegar barni hefur verið veitt tækifæri til að tjá skoðanir sínar og tekið hefur verið tillit til þeirra, sem unnt er að komast að niðurstöðu um það sem því er fyrir bestu. Sú niðurstaða á síðan að vera í forgrunni við endanlega ákvörðun.

Þá ber einnig að líta til annarra meginreglna Barnasáttmálans við framkvæmd mats á áhrifum á börn, eins og skyldu aðildarríkja samkvæmt 2. grein sáttmálans, um að tryggja öllum börnum réttindi sáttmálans án mismununar, og réttinn til lífs og þroska samkvæmt 6. gr. Þá ber einnig að líta til annarra ákvæða Barnasáttmálans eftir eðli máls hverju sinni.

Forsendur í lögum, reglum og viðmiðum

Það er mikilvægt að sá sem framkvæmir mat á áhrifum á börn búi yfir nauðsynlegri þekkingu á því hvernig fjallað er um hagsmuni og réttindi barna á viðkomandi málefnasviði í lögum, leiðbeiningum, reglugerðum eða stefnum.

Þekking byggð á rannsóknum, kortlagningum og úttektum

Mat á áhrifum á börn þarf að byggja á þekkingu á þörfum barna og þroska þeirra sem og hagsmunum þeirra. Þó ber að líta til þess að þarfir barna og það sem er barni fyrir bestu tekur breytingum og því ekki hægt að fastsetja slíkt mat í eitt skipti fyrir öll.

Ekki er hægt að meta þroska barns fyrir fram eða eftir stöðluðum mælikvörðum enda tekur hann breytingum og er háður einstaklingsbundnum forsendum barns. Þá geta ófyrirséðir atburðir haft áhrif og ýmsir þættir haft óvænt áhrif á þroska barna. Þannig eru ýmis grundvallarhugtök sem máli skipta afstæð og því erfiðleikum háð að skilgreina þau.

Gera sjónarmið barna sýnileg

Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eru börn sjálfstæðir og fullgildir einstaklingar og því ber að virða skoðanir þeirra. Samkvæmt því verða upplýsingar um skoðanir barna sem ákvörðun varðar ávallt að vera hluti af þeim gögnum sem ákvörðun byggir á hverju sinni. Matið á því sem er barni eða hópi barna fyrir bestu í tilteknum aðstæðum á að framkvæma af þeim sem tekur ákvörðunina sem um ræðir.

Ljóst er að hagsmunir einstakra barna og hagsmunir hópa barna fara ekki alltaf saman. Það er því grundvallaratriði að fram fari mat á því hvort ákvörðun, til dæmis tilteknu sveitarfélagi, varði einstakt barn, skilgreindan hóp barna, eða börn almennt, en 3. gr. Barnasáttmálans á við í öllum tilvikum.

Við framkvæmd mats á áhrifum er mikilvægt að líta til þess að börn eru ekki einsleitir hópur. Þarfir barna og forsendur þeirra eru misjafnar, út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni, mögulegri fötlun og öðrum þáttum eða aðstæðum sem geta skipt máli. Það sem er einu barni fyrir bestu í tilteknum aðstæðum er ekki endilega öðru barni fyrir bestu og það sem bætir hag eins barns bætir ekki endilega hag annarra barna, svo dæmi séu tekin. Því er nauðsynlegt að finna

leiðir sem taka mið af þessum mismunandi sjónarhornum, út frá einstökum börnum og hópum barna og út frá því málefni sem til meðferðar er hverju sinni.

Í einhverjum tilvikum fara hagsmunir barna og aðrir samfélagslegir hagsmunir ekki saman. Þegar það sem er barni fyrir bestu hefur þurft að víkja fyrir öðrum hagsmunum, þarf að liggja fyrir skýr rökstuðningur fyrir ákvörðun þar sem fjallað er um niðurstöður mats á áhrifum á börn og tilgreindar ástæður þess að aðrir hagsmunir voru teknir fram yfir hagsmunir barns. Þá þarf jafnframt að taka fram hverjar voru skoðanir og óskir barnanna sem málið varðar.

Byggt á ferlum sem þegar eru til staðar

Það er ekki gerlegt að gefa tæmandi svar um þau atriði sem eiga að vera hluti af mati á því sem er barni fyrir bestu, heldur þarf að aðlaga það að starfseminni og viðfangsefninu hverju sinni. Best fer á því að mat á áhrifum á börn sé alltaf framkvæmt með sömu aðferð og að byggt sé á verklagsreglum um framkvæmd og skráningu matsins. Skjal þar sem mat á áhrifum er sett fram á að vera hnitmiðað, helst með skýringarmyndum, og þannig fram sett að aðalatriðin séu skýr og skjalið auðskiljanlegt fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Tilgangur mats á áhrifum á börn er ávallt að stuðla að því að ákvörðunin sem til stendur að taka hafi tilætluð áhrif.

Fyrsta skref – kortlagning

Fyrsta skref mats á áhrifum á börn er kortlagning og gerð áætlunar um hvar, hvernig og með hvaða hætti á að sækja nauðsynlega þekkingu og upplýsingar. Hér þarf að leggja mat á það hvort þekking eða upplýsingar séu þegar til staðar eða hvort þörf er á frekari kortlagningu eða öflun upplýsinga eins og t.d. tölfræðiupplýsinga, áður en ákvörðun er tekin. Þær upplýsingar sem aflað hefur verið eiga að liggja til grundvallar mati á því hvaða börn ákvörðunin varðar. Í þeirri greiningu er mikilvægt að litið sé sérstaklega til aðstæðna barna með sérstakar þarfir. Þá er mikilvægt að skoðanir barnsins eða barnanna sem um ræðir liggi fyrir.

Annað skref – lýsing á viðfangsefninu

Annað skref matsins felst í því að búin er til lýsing á viðfangsefninu sem byggir á gögnum sem hefur verið aflað. Það er mikilvægt að setja viðfangsefnið eða tillöguna í samhengi þar sem tilgangurinn kemur skýrt fram. Fjalla þarf um fyrirbyggjandi regluverk á viðkomandi sviði og lýsa þarf snertiflötum viðfangsefnisins við ákvæði Barnasáttmálans.

Af lýsingunni verður að vera hægt að greina hvaða börn það eru sem ákvörðunin hefur bein eða óbein áhrif á, hvaða áhrif um ræðir, og hvernig hópurinn var skilgreindur. Það getur verið gagnlegt að líta á álitaefnið út frá kyni barnanna, aldri, þroska og þeirra eigin forsendum og aðstæðum í fjölskyldu og nærumhverfi.

Í lýsingunni þarf að fjalla um skoðanir barnanna sem málefnið varðar. Tilgreina á með hvaða hætti þeim var gert kleift að tjá sig og hvaða upplýsingum var miðlað til þeirra fyrir fram. Setja þarf fram mismunandi tillögur að lausnum og fjalla á um mótvægisáðgerðir sem geta dregið úr neikvæðum áhrifum. Einnig ber að fjalla um kostnaðarmat og forsendur þess og tilgreina þarf hvar kostnaðurinn fellur til.

Priðja skref – greining

Tilgreina á ástæður þess að til stendur að taka ákvörðun eða ráðast í breytingar og lýsa á markmiðunum sem stefnt er að. Mikilvæg forsenda breytinga er að jákvæðar afleiðingar séu fleiri en mögulegar neikvæðar afleiðingar. Taka þarf til skoðunar ýmsa þætti og veita svör við tilteknum álitamálum eins og hvaða viðfangsefni eða vandamál er ætlunin að leysa með tillögunni? Hvert er markmiðið? Hafa forsendur tillögunnar breyst í kjölfar framkominna athugasemda frá börnum? Það er mikilvægur hluti greiningarferlis að leggja mat á tillöguna út frá ákvæðum Barnasáttmálans, að greina fyrirliggjandi gögn, og gera tilraun til að sjá fyrir afleiðingar þeirra mismunandi valkosta sem til greina koma. Sérstaklega þarf að líta til áhrifa á börn með sérstakar þarfir í samræmi við upphaflega kortlagningu.

Varpa ljósi á hagsmunaárekstra

Í greiningarferli þarf að varpa ljósi á mögulega hagsmunaárekstra eins og til dæmis árekstra milli hagsmuna barns og forsjáraðila þess, eða milli hagsmuna barna og annarra samfélagslegra hagsmuna. Þarna getur komið til álita samfélagslegur ávinningur eins og betri heilsa eða menntun fyrir börn almennt en einnig persónulegur ávinningur einstakra barna eins og auknar líkur á því að búa við góða heilsu í framtíðinni.

Annars konar ávinningur getur verið t.d. aukin áhrif og frekari þátttaka barna, fleiri tækifæri barna með fötlun, bætt heilsa barna eða aukið umferðaröryggi. Hér getur Barnasáttmállinn veitt leiðbeiningar um hvernig er hægt að skilgreina ávinning af þeim toga á skilmerkilegan hátt.

Röð afleiðinga

Til þess að sjá fyrir afleiðingar ýmissa valkosta getur verið gott að sjá fyrir röð afleiðinga í hverju tilviki fyrir sig. Þannig er hægt að fá gagnlegar vísbendingar um það hvort líklegt sé að tilsettu markmiði verði náð með þeim valkostum sem til greina koma.

Fjórða skref – mat og ákvörðun

Fjórða skrefið snýr að tilgangi mats á áhrifum á börn, þ.e. að greina hvað er barni fyrir bestu og taka ákvörðun út frá því. Matið á því sem er barni fyrir bestu þarf að framkvæma út frá þeirri þekkingu sem til staðar er og þeim upplýsingum sem aflað hefur verið.

Matið á því sem er barni fyrir bestu er heildarmat á öllum þeim þáttum sem máli skipta og sem fram hafa komið í kortlagningunni, lýsingunni og greiningunni. Taka þarf tillit til allra þátta sem skipta máli og sérstaklega þeirra sem varða andlega og líkamlega heilsu barna og þroska, eins og rétt þeirra til verndar og umönnunar og til tómtunda og leikja.

Að því marki sem það er gerlegt á að taka tillit til afleiðinga á barn eða hóp barna til skemmri og lengri tíma. Þekking á þörfum barna og þroska er nauðsynlegur hluti af mati á áhrifum en það sem er börnum eða ungmennum almennt fyrir bestu á ekki alltaf við um einstök börn eða tiltekna hópa þeirra. Það sem er barni fyrir bestu verður því að túlka sem bestu hugsanlegu lausnina fyrir það barn eða þann hóp barna sem um ræðir hverju sinni.


Vægi mats á því sem barni er fyrir bestu

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á mikilvægi mats á því sem er barni fyrir bestu. Í aðstæðum þar sem verða árekstrar milli hagsmuna barna eða fullorðinna, eru það nánast undantekningarlaust bestu hagsmunir barns sem eiga að vera ráðandi. Barnaréttarnefndin tekur þó fram að upp geta komið aðstæður þar sem aðrir hagsmunir vega þyngra en þá þarf að sýna fram á með hvaða hætti litið var til þess sem er barni fyrir bestu. Þá þarf sá sem tekur ákvörðun að taka til skoðunar hvort unnt sé að grípa til ráðstafana til þess að bæta börnum það upp með einhverjum hætti að hagsmunir þeirra hafi ekki verið ráðandi við töku ákvörðunar.

Fimmta skref – endurmat

Mikilvægt er að fram fari endurmat á áhrifum á börn með hliðsjón af raunverulegum áhrifum tiltekinnar ákvörðunar. Síðasta skrefið í ferlinu við að leggja mat á áhrif á börn felst þannig í eftirfylgni og mati á því hvort umrædd ákvörðun hafi skilað tilætluðum árangri eða hvort grípa þurfi til frekari ráðstafana.

Með því að framkvæma endurmat safnast fyrir reynsla og þekking sem verður til þess að bæta enn frekar mat á áhrifum á börn. Ef það sem er barni fyrir bestu er ávallt haft að leiðarljósi verður það sömuleiðis til þess að bæta gæði ákvarðana í allri starfsemi með og fyrir börn og ungmenni.



Mynd 1: Hringrás endurmats

Kenningar um þátttöku barna

Fræðimenn hafa varpað ljósi á togstreituna milli þess að líta á börn sem „verandi“ eða „verðandi“ þáttakendur í samfélaginu. Ef börn eru skilgreind sem „verðandi“ þáttakendur í samfélaginu, þá er gert ráð fyrir því að þau hafi engin áhrif á umhverfi sitt fyrr en þau verða fullorðin. Það að skilgreina börn sem „verandi“ þáttakendur, þ.e. þáttakendur í samfélaginu hér og nú, felur þannig í sér að börn eiga rétt á því að hafa áhrif á samfélagið sem þau búa í. Barnasáttmálinn lítur á börn sem sjálfstæða rétthafa þ.e. „verandi“.

Nokkrir fræðimenn hafa þróað kenningar um þátttöku barna í ákvarðanatöku, þar má nefna Laura Lundy, Harry Shier og Roger Hart. Ein fyrsta kenningin um þátttöku barna var sett fram af Roger Hart og er þátttökustigi til að greina sérstaklega samfélagslega þátttöku barna.


Hart skilgreinir þátttöku sem ferli í átta þrepum en á fyrstu þremur þrepunum á sér engin þátttaka stað. Eftir því sem ofar er komið í stiganum fær þátttaka barna meira vægi. Á **fyrsta þrepinu** er einfaldlega litið svo á að vit þurfi að hafa fyrir börnum og því eigi ekki að gera ráð fyrir þátttöku þeirra. Á **öðru þrepinu** eru börn til skrauts, eru með í ferlinu, en hafa engin áhrif og fá engar upplýsingar. **Þriðja þrepið** kallar Hart sýndarsamráð, þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig en sjónarmið þeirra hafa ekkert vægi.

Hart hefur fjallað um fjögur undirstöðuatriði raunverulegrar þátttöku barna en efstu þrep stigans eiga að byggja á þeim.

Mikilvægt er er að börnin:

3. skilji tilgang verkefnisins
4. viti hver tók ákvörðun um aðkomu þeirra og hvers vegna
5. hafi raunverulegu hlutverki að gegna í stað táknrænnar þátttöku
6. kjósi að taka þátt eftir að hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um verkefnið

Á **fjórða þrepinu** fá börn tækifæri til þátttöku eftir að hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar. Á **fimmta þrepinu** er þátttaka barna skipulögð og framkvæmd af fullorðnu fólki, með börnum sem upplýstum þátttakendum sem hafa vægi. Á **sjötta þrepi** taka börn fullan þátt í töku ákvörðunar á jafnræðisgrundvelli. Á **sjöunda þrepinu** hafa börn frumkvæðisrétt, taka ákvarðanir og sjá um framkvæmdina. Í efsta þrepinu eða því **áttunda** taka börn ákvarðanir í sameiningu með fullorðnum þátttakendum.



Mynd 2: Þáttökustigi Hart


Fram hafa komið ábendingar um ýmsa ágalla þáttökustiga Harts og Dr. Laura Lundy hefur bent á að hræðslan við að þátttaka barna verði táknræn eða ófullkomin, leiði oft til þess að börn fái hreinlega ekki að taka þátt sem er verri valkostur en táknræn þátttaka þeirra. Til samanburðar hefur Lundy bent á að ef önnur réttindi barna væru túlkuð með sambærilegum hætti, væri börnum til dæmis ekki boðið upp á menntun nema hún væri algjörlega hnökralaus. Þannig eru kenningar af þessum toga ekki í samræmi við meginreglur Barnasáttmálans.

Greining Lundy á þátttöku barna


Dr. Laura Lundy er einn helsti sérfræðingur samtímans í samfélagslegri þátttöku barna. Þær tillögur sem hér eru settar fram byggja á greiningu Lundy á þátttöku barna sem grundvallast á 12. grein Barnasáttmálans og þeim forsendum sem þurfa að vera til staðar svo að börn geti raunverulega látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif.¹³

- **Rödd** (*voice*) börnum eru veittar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti myndað og tjáð skoðanir sínar. Upplýsa þarf börn um að þeim sé frjálst að taka þátt en þeim sé það ekki skylt. Þá þurfa þau að hafa frelsi til þess að tjá sig á þann máta sem hentar þeim. Ef börn þurfa aðstoð við tjáningu, ber að veita þeim hana.
- **Áheyrn** (*audience*) skoðunum barna er miðlað til þeirra sem taka ákvörðun hverju sinni. Ekki er nóg að hlustað sé á það sem börnin hafa fram að færa heldur verða skoðanir barna að hafa raunverulegt vægi. Ferli verður að vera til staðar sem tryggir miðlun skoðana barna þar sem það á við.
- **Vettvangur** (*space*) leitað er með virkum hætti eftir skoðunum barna og gripið er til aðgerða til að tryggja að öll börn geti tekið þátt og fái öruggt rými til þess að tjá sig. Það getur verið nauðsynlegt að veita börnum færi á því að koma skoðunum sínum á framfæri nafnlaust. Hér kemur 2. gr. Barnasáttmálans til sérstakrar skoðunar en veita þarf öllum börnum tækifæri til að tjá skoðanir sínar, án mismununar.
- **Áhrif** (*influence*) tekið er tillit til skoðana barna og brugðist við þeim þar sem það á við. Ferlar eru til staðar sem tryggja að tekið sé mark á skoðunum barna. Börnin fá endurgjöf sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið.

¹³ Voice' is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child (2006).



Mynd 3: Lundy greiningin



Mynd 4: Gátlisti Lundy móðelsins

Þátttaka barna á Írlandi

Írland samþykkti árið 2015 framsækna aðgerðaáætlun til fimm ára um samráð við börn og ungmenni og var jafnframt fyrsta Evrópuríkið til þess að setja stefnu um þátttöku barna og ungmenna.

Aðgerðaáætlun Íra var unnin af ungmenna- og barnamálaráðuneyti landsins. Áður en hafist var handa við gerð áætlunarinnar var framkvæmd umfangsmikil rannsókn meðal barna þar sem þau voru spurð á lits á því hvaða framfarir þyrfti að ráðast í á Írlandi til þess að bæta stöðu barna. Niðurstöður könnunarinnar eru undirstöður áætlunarinnar en jafnframt styðst hún við kenningar Lauru Lundy um þátttöku barna sem greint var frá hér að ofan.

Tiltekin markmið áætlunarinnar eiga við um allar opinberar stofnanir en önnur eiga við um tilgreindar stofnanir en fram kemur hver er ábyrgðar- og/eða framkvæmdaraðili hverju sinni.

Fram fer reglulegt mat á framkvæmd og árangri aðgerðaáætlunarinnar en endurmat sem fram fór árið 2018 sýndi að Írum hafði þá tekist að koma 93% af settum markmiðum áætlunarinnar í framkvæmd.

Þátttaka barna í
íslensku samfélagi,
staðan í lok árs 2019

Tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna

Í lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar til Íslands frá árinu 2011 var áhersla lögð á aukna virðingu fyrir sjónarmiðum barna. Nefndin taldi það jákvætt að barnalög tryggji rétt barna til að móta og tjá eigin skoðanir en lýsti yfir áhyggjum af því að ekki sé skýr krafa í lögum um að sveitarfélögum beri að starfrækja ungmennaráð og að ekki liggi fyrir neinar verklagsreglur eða reglugerðir um starfsemi slíkra ráða. Þá lýsti nefndin yfir áhyggjum sínum af því að ekki hafi öll börn á Íslandi jöfn tækifæri til að móta og tjá eigin skoðanir.

Gaf nefndin íslenska ríkinu þau tilmæli að setja reglugerðir um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða og tryggja að tillit verði tekið til sjónarmiða barna fyrir dómstólum, í skólum og við meðferð mála sem varða börn, hvort sem það er í stjórnslunni eða annars staðar. Einnig þurfi að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða barna með fötlun, barna innflytjenda eða annarra barna í viðkvæmri stöðu.

Sveitarfélög

Í 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007 kemur fram að sveitarstjórnir eiga að hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnunum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

Í greinargerð með æskulýðslögum kemur fram að „þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi skapar aukna festu í lífi hvers einstaklings og umgjörð utan um jafningjasamskipti og jafningjamenningu. Börn og ungmenni sem taka þátt í markmiðsbundnu æskulýðsstarfi eru líklegri til þess að líta á sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu. Þá gefa rannsóknir vísbendingar um að ungt fólk sem tekur þátt í skipulögðu æskulýðsstarfi hafi síður tíma og aðstæður til að falla fyrir áhættusömum freistingum.“

Umboðsmaður barna hefur lengi talað fyrir því að þörf sé á að setja samræmdar reglur til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með stofnun ungmennaráða sveitarfélaga. Eins og staðan er núna er sveitarstjórnunum í sjálfsvald sett hvaða hlutverki ungmennaráð gegna og hvernig vali á fulltrúum í ráðunum er háttað. Þá hefur umboðsmaður barna einnig talað fyrir því að skýrar verði kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að starfrækja ungmennaráð en nú er gert.

Ungmennaráð sveitarfélaga

Umboðsmaður barna hefur sent könnun til sveitarfélaga, á þriggja ára fresti, allt frá árinu 2008, um þátttöku barna í ungmennaráðum. Síðasta könnun var framkvæmd árið 2017 en þær niðurstöður sýndu að 58% sveitarfélaga voru með ungmennaráð en 24% voru að undirbúa stofnun ungmennaráðs. Þegar litið er til íbúafjölda sveitarfélaga er ljóst að ungmennaráð eru starfandi í þeim sveitarfélögum sem telja 95% íbúa á landinu þar sem öll stærri sveitarfélög á landinu starfrækja ungmennaráð.

Samráð sveitarfélaga við ungmennaráð er afar mismunandi og hlutverk ungmennaráða er sömuleiðis afar mismunandi. Gefin hefur verið út [handbók fyrir ungmennaráð sveitarfélaga](#) með upplýsingum um ungmennaráð ásamt tillögum um vinnuáferðir og störf slíkra ráða.

Dæmi um verkefni sem ungmennaráð sveitarfélaga hafa tekið þátt í eða átt frumkvæði að:

- Lagt til fjölgun ljósastaura í sveitarfélögum
- Komið að stofnun æskulýðssjóða
- Tekið þátt í opnun ungmennahúsa
- Lagt fram tillögur um bættu aðstöðu í félagsmiðstöðvum og skólum.
- Tekið þátt í og stuðlað að fjölbreyttum viðburðum fyrir ungmenni
- Stuðlað að bættum samgöngum eins og breytingum á tímatöflu strætisvagna
- Átt frumkvæði að aðgerðum sem miða að því að tryggja framboð ódýrrar afþreyingar fyrir ungt fólk
- Verið áheyrnarfulltrúar í nefndum sveitarfélaga
- Tekið þátt í aðgerðum til að sporna við notkun plastpoka
- Stuðlað að því að sveitarfélög taki á mót fleiri flóttamönnum

Barnvæn sveitarfélög

Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans árið 2013 jókst eftirspurn eftir stuðningi við innleiðingu sáttmálans. Á það ekki síst við um sveitarfélögin, sem sinna mikilvægri þjónustu í nærumhverfi barna. Til að svara þessari eftirspurn bjuggu UNICEF og umboðsmaður barna til líkan fyrir innleiðingu Barnasáttmálans í sveitarfélögum – verkefni sem er kallað barnvæn sveitarfélög.¹⁴ Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, *Child Friendly Cities* og efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmálann og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- Þekking á réttindum barna
- Byggt sé á því sem er börnum fyrir bestu
- Jafnræði barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Innleiðingarferlið tekur tvö ár en að þeim tíma liðnum getur sveitarfélag sótt um viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag, hafi innleiðingarferlið verið réttindum

¹⁴ <http://barnvaensveitarfelog.is/>

barna í sveitarfélaginu til framdráttar og aðgerðaáætlun verkefnisins verið fylgt eftir. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum.

Í nóvember 2019, var undirritaður samningur milli félagsmálaráðuneytisins og UNICEF um frekari innleiðingu verkefnisins en með samningnum er stefnt að því að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tileinkað sér barnaréttarnálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum.

Vinnuskólar sveitarfélaga

Í flestum sveitarfélögum stendur 13-15 ára ungmennum til boða sumarstarf í vinnuskóla sveitarfélagsins. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglinga er heimilt að ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttara starfa á sumarleyfistíma þegar vinna er hluti af fræðilegu og verklegu námi.

Sumarið 2018 framkvæmdi embætti umboðsmanns barna könnun hjá öllum sveitarfélögum um starfsemi vinnuskólanna en engar heildstæðar upplýsingar hafa verið til staðar um þessa starfsemi. Í könnuninni kom meðal annars í ljós að lítið er um samráð við ungmenni um skipulagningu og framkvæmd vinnuskólans. Þá leita fá sveitarfélög eftir þeirra sjónarmiðum og veita ungmennum heldur ekki endurgjöf í lok sumarsins. Það er því ljóst að hér eru vannýtt tækifæri í því að leita eftir og fá fram sjónarmið og reynslu þátttakenda en nauðsynlegt er að virkt samráð við ungmenni eigi sér stað, um væntingar þeirra til fyrsta starfsins og reynslu þeirra af þátttöku í vinnuskólanum.

Skýrslu umboðsmanns barna um vinnuskólann má finna á [vefsíðunni barn.is](http://vefsíðunni.barn.is).

Lýðræðisverkefni og kosningar

Krakkakosningar

Krakkakosningar er samstarfsverkefni umboðsmanns barna og KrakkaRÚV. Markmiðið er að gefa börnum í grunnskóla kost á því að taka þátt í kosningum og efla þannig lýðræðislega vitund og þátttöku þeirra. Í tengslum við alþingiskosningar 2016 tóku alls 2.700 börn þátt í kosningunum og voru niðurstöður krakkakosninga kynntar á kosningavöku RÚV.

Kosningarnar hafa verið haldnar fjórum sinnum en framkvæmd þeirra hefur tekið ýmsum breytingum. Árið 2018 var lögð áhersla á málefni barna á vettvangi sveitarfélaga í stað þess að einblína á framboð í sveitarstjórnarkosningum. Verkefnið byggir á 12. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til þess að fá að láta í ljós skoðanir sínar og hefur það að markmiði að efla lýðræðislega þátttöku barna.

Lýðræðisátakið #Égkýs

#Égkýs verkefninu var hrundið af stað fyrir Alþingiskosningarnar haustið 2016 en um framkvæmdina sáu Landsamband ungmennafélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema. Framhaldsskólanemar kusu sína fulltrúa í sveitarstjórnnum í skuggakosningu, en tilgangurinn var að þjálfa nemendur í lýðræðislegri þátttöku og auka þátttöku ungs fólks í kosningum.

Alþingi

Vefupplýsingar

Ungmennavef Alþingis hefur verið lokað á vefsíðu Alþingis, www.althingi.is en unnið er að gerð barnvæns efnis fyrir síðuna. Við þá vinnu átti vefritstjóri Alþingis samráð við ráðgjafarhóp umboðsmanns barna um uppbyggingu og útlit vefsins haustið 2019.

Alþingi heldur einnig úti kennsluvef um störf Alþingis á vefsíðunni www.skolathing.is Þar eru upplýsingar settar fram með barnvænum hætti og börnum veittar leiðbeiningar um leiðir til áhrifa eins og til dæmis að eiga í samskiptum við þingmenn eða senda þingnefndum umsagnir um þingmál.

Samráð Alþingis við börn

Færst hefur í aukana að þingnefndir kalli til sín börn eða ungmenni á nefndarfundum til samráðs um frumvörp eða önnur mál sem snúa að hagsmunum barna en um er að ræða afar jákvæða þróun. Umboðsmaður barna hefur einnig reglulega áréttað í umsögnum sínum nauðsyn þess að samráð sé haft við börn, sérstaklega á fyrri stigum vinnu við gerð lagafrumvarpa.

Á 149. löggjafarþingi voru börn kölluð til samráðs í a.m.k. átta málum sem nefndirnar höfðu til meðferðar. Það er mikil breyting frá því sem áður var þar en á 146. löggjafarþingi voru börn kölluð til samráðs vegna tveggja mála hjá allsherjar- og menntamálanefnd (106. mál – verslun með áfengi og tóbak og mál um stöðu samræmda prófa) en á fyrri löggjafarþingum hefur það heyrt til undantekninga að leitað hafi verið sjónarmiða barna. Eina dæmið um samráð þingnefnda við börn, fyrir 146. Löggjafarþing, var þegar fjallað var um 25 ára afmæli Barnasáttmálans á 144. löggjafarþingi, en þá komu ungmenni frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna, og ungmennaráðum Barnaheilla og UNICEF á fund velferðarnefndar.

Samráð á 149. löggjafarþingi

Á umræddu löggjafarþingi hafði velferðarnefnd til umfjöllunar mál nr. 156., breytingar á lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994. Á fund nefndarinnar mættu fulltrúar frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna, ungmennaráði UNICEF og ungmennaráði Barnaheilla. Í nefndaralitinu er sérstaklega tekið fram að „Við umfjöllun nefndarinnar var á það bent hversu mikilvægt það væri að Alþingi hefði reglulegt og raunverulegt samráð við börn þegar til umfjöllunar væru mál sem snerta hagsmuni þeirra. Sérstaklega var vísað til þess að vefsíður og skjöl Alþingis væru ekki alltaf nógu aðgengileg, en jafnframt að styrkja þyrfti fræðslu til barna um lýðræðispáttöku svo að þeim væri gert auðveldara að afla sér upplýsinga og hafa áhrif á framgang mála á Alþingi. Telur nefndin þetta mikilvæga þróun sem öflugra embætti umboðsmanns barna muni reynast traustur bandamaður í.“¹⁵ Í kjölfarið hófst vinna við að gera vef Alþingis aðgengilegri eins og fjallað er um hér að ofan.

Þá hafði allsherjar- og menntamálanefnd til umfjöllunar mál nr. 409 er varðaði tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Á nefndarfund mættu fulltrúar frá ungmennaráði Samfés, ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og ungmennaráði UNICEF. Í

¹⁵ <https://www.althingi.is/altext/149/s/0647.html>

nefndarálitinu kom fram að „Nefndin telur afar jákvætt að svo virðist sem í vinnu stýrihóps ráðuneytanna hafi verið haft samráð við ungmenni, enda gerir samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna kröfu um þátttöku barna í ákvarðanatöku um öll mál sem þau varða og ber að taka tillit til skoðana þeirra. Nefndin áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld hafi virkt samráð við börn og ungmenni, sérstaklega þegar um er að ræða mál sem snerta hagsmuni þeirra, og mikilvægt að sjónarmið þeirra liggi fyrir. Nefndin hvetur til þess að áframhaldandi samráð verði við ungmenni við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar“.¹⁶ Þingsályktunartillagan var afrakstur vinnu stýrihóps sem var skipaður fulltrúum þriggja ráðuneyta (velferðarráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og mennta- og menningarmála-ráðuneyti). Stýrihópurinn stóð m.a. fyrir fundi sem haldinn var í Iðnó í janúar 2016 þar sem grunnur var lagður að aðgerðaráætluninni. Mikið samráð var haft við börn við gerð áætlunarinnar og má segja að vinna stýrihópsins sé dæmi um gott og raunverulegt samráð við börn þar sem tillögur frá börnum skiluðu sér í beinum aðgerðum í áætluninni sjálfri, t.d. aðgerðir sem snúa að aukinni kennslu um kynheilbrigði í grunn- og framhaldsskólum og aukna fræðslu um Barnasáttmálann.

Þá hafði allsherjar- og menntamálanefnd til umfjöllunar mál nr. 417. um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa ípróttá- og æskulýðsstarfs. Á fund nefndarinnar mættu fulltrúar frá ungmennaráði Samfés og ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Frumvarpið byggir á vinnu starfshóps sem settur var á laggirnar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en starfshópurinn hafði ekki samráð við börn á meðan á vinnunni stóð þrátt fyrir ábendingar umboðsmanns barna þess efnis. Í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar var tekið undir ábendingar umboðsmanns barna, en þar sagði: „Svo virðist sem ekki hafi verið haft virkt samráð við börn og ungmenni við vinnslu frumvarpsins. Nefndin áréttar nauðsyn þess að á fyrri stigum verði sérstaklega leitað eftir sjónarmiðum þeirra. Nefndin beinir því þess vegna til stjórnvalda að huga að slíku samráði, sérstaklega í þeim málum sem varða hagsmuni þeirra.“

Að lokum má nefna tillögu til samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2033 sem var til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd. Til fundar við nefndina mættu fulltrúar frá ungmennaráði Grindavíkurbæjar sem skilaði inn umsögn um málið.

Þrátt fyrir aukið samráð við börn og ungmenni hjá ýmsum nefndum Alþingis er ekki að finna almenna stefnu um hvernig þingnefndum ber að haga samráði við börn eða ungmenni eða hvernig eigi að ná til fjölbreytts hóps barna. Þá ber einnig að nefna að Alþingi starfrækir ekki ungmennaráð.

Ráðuneyti og stofnanir ríkisins

Stjórnarráðið hefur ekki sett stefnu um samráð við börn og ungmenni en í [handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð](#) sem gefin er út af Stjórnarráðinu er aldrei skírskotað með beinum hætti til barna eða ungmenna. Í orðalista handbókarinnar eru hagsmunaaðilar skilgreindir sem „Allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta, fjárhagslegra eða annarra. Þar á meðal eru frjáls félagasamtök, launþegar og atvinnurekendur, neytendur, sveitarfélög, opinberar stofnanir, o.s.frv.“ Þannig er augljóst að ekki er gert ráð fyrir börnum sem hagsmunaaðilum þrátt fyrir að þau séu þjónustuþegar á mörgum sviðum og því

¹⁶ <https://www.althingi.is/altext/149/s/1631.html>

augljósir hagsmunaaðilar. Sem dæmi má nefna [framkvæmdaáætlun félagsmálaráðuneytis á sviði barnaverndar 2019-2022](#) sem var samþykkt á 149. löggjafarþingi en þar er tekið sérstaklega fram að við gerð framkvæmdaáætlunarinnar hafi verið unnið samkvæmt nýju verklagi með virku og víðtæku samráði við helstu hagsmunaaðila um áhersluatriði og forgangsröðun verkefna. Þrátt fyrir það var ekki haft samráð við börn á neinu stigi vinnunnar.

Stjórnarráðið leitaði eftir aðkomu ráðgjafarhóps umboðsmanns barna við gerð á myndbandi um stjórnarráðið en þar átti að fjalla á barnvænan hátt um þrískiptingu ríkisvaldsins, samráðsgátt stjórnvalda og fleira. Þó ber að taka fram að samráð við ráðgjafarhópinn átti sér stað í lok vinnunnar sem takmarkaði möguleika hópsins á því að hafa áhrif á endanlega afurð.

Ekki eru til staðar gátlistar um þátttöku barna hjá ráðuneytum þegar ráðist er í gerð frumvarpa, reglugerða, aðgerðaráætlana eða stefnumótunar.

Lögbundið samráð við börn

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994:

Þegar ráðherra skipar nýjan umboðsmann barna er honum skylt að leita umsagnar ráðgjafarhóps barna, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Umboðsmanni barna er skylt að hafa virkt samráð við börn ásamt því að hafa hóp barna sér til ráðgjafar um þau málefni sem snúa að börnum í íslensku samfélagi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Þá ber umboðsmanni barna að safna saman upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna í samfélaginu en þau gögn eiga að liggja til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar, sbr. g-lið 3. mgr. 3. gr. laganna.

Barnaþing

Með breytingum á lögum um umboðsmann barna árið 2018 var lögfest að embættið eigi að boða til þings um málefni barna annað hvert ár. Til þingsins á að bjóða fjölbreyttum hópi barna, alþingismönnum, fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna. Á þinginu skal fjalla um málefni barna og leggja fram skýrslu¹⁷ um stöðu og þróun málefna barna á helstu sviðum samfélagsins, með hliðsjón af Barnasáttmálanum.

Fyrsta barnaþingið fór fram 21. – 22. nóvember 2019 með þátttöku fjölbreytts hóps barna af öllu landinu. Markmið barnaþings er að efla lýðræðislega þátttöku barna og virkja þau í umræðu um málefni sem brenna á þeim sjálfum. Mun embætti umboðsmanns barna fylgja eftir tillögum og ályktunum þingsins fram að næsta barnaþingi, árið 2021. Þingið fór fram með þjóðfundarformi og völdu börnin sjálf þau umræðuefni sem til umfjöllunar voru á þinginu. Helstu tillögur barnaþings er að finna í viðauka 2.

Ungmennaráð ráðuneyta og stofnana

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna var sett á laggirnar af forsætis- og utanríkisráðuneytinu í apríl 2018 í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar. Ráðið

¹⁷ <https://barn.is/media/614851/skyrsla-ub-fyrir-barnathing.pdf>

er skipað ungmennum á aldrinum 13-18 ára sem fundar árlega með ríkisstjórninni auk annarra verkefna.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna

Fjallað er um ráðgjafarhópinn í 1. mgr. 2. gr. laga um umboðsmann barna þar sem segir að við skipun nýs umboðsmanns skuli leita umsagnar ráðgjafarhóps barna sem umboðsmanni ber að hafa sér til ráðgjafa um málefni barna í íslensku samfélagi. Umrædd lagaákvæði eru nýmæli en embættið hefur starfrækt ráðgjafarhóp ungmenna í tíu ár. Ráðgjafarhópurinn er skipaður ungmennum á aldrinum 13- 17 ára.

Hlutverk ráðgjafarhópsins:

- Vera ráðgefandi fyrir umboðsmann barna í málum sem varða réttindi og hagsmuni barna og ungmenna
- Fást við einstaka verkefni í samstarfi við embætti umboðsmanns barna
- Vinna að verkefnum sem stuðla að vitundarvakningu barna og ungmenna um réttindi þeirra
- Þátttaka í fundum og ráðstefnum um málefni barna

Meðal verkefna ráðgjafarhópsins:

- Fjölbreytt samstarf við Ríkisútlit
- Þátttaka á þingfundi ungmenna, ráðstefnum og málþingum um málefni barna.
- Fræðsla um réttindi barna
- Fundir með þingnefndum um þingmál
- Greinarskrif í blöð um réttindi barna
- Þátttaka í skipulagningu Barnaþings

Ungmennaráð Menntamálastofnunar

Ungmennaráð Menntamálastofnunar var sett á laggirnar árið 2016 og var skipað til tveggja ára. Ráðið er óvirkt eins og er en Menntamálastofnun skoðar nú aðrar leiðir til samráðs við börn og ungmenni.

Tilfallandi samráð við börn hjá hinu opinbera

Dæmi eru um að börn eða hópar barna hafi verið kölluð til samráðs af hálfu ríkisstofnana eins og á málþingum ráðuneyta, við gerð aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi og við gerð barnaskýrslu íslenska ríkisins til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Það eru því til góðar fyrirmyndir sem hægt er að líta til. Það samráð hefur þó almennt verið að frumkvæði einstakra aðila innan ráðuneyta eða stýrihópa en ekki á grundvelli heildstæðrar stefnu eða verklagsreglna þar um.

Sérfræðihópar barna

Með *sérfræðihópum barna* er mögulegt að fá fram sjónarmið barna með tiltekna reynslu. Með nýlegum breytingum á lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 sem tók gildi í desember 2018 er umboðsmanni falið að *afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa*, sbr. g- liður 3. mgr. 3. gr. laganna, en ein leið til þess er að setja á laggirnar sérfræðihópa barna.

Dæmi um sérfræðihópa barna:

Umboðsmaður barna, sérfræðihópar fatlaðra barna, skýrsla gefin út árið 2019.

Í hópnum voru sex ungmenni á aldrinum 13 – 17 ára sem voru að störfum frá 10. desember 2018 – 29. janúar 2019 og hittust á alls átta fundum.

Umboðsmaður barna, sérfræðihópur um sjónarmið barna sem eiga foreldra með áfengisvanda, gefin út árið 2014.

Þátttakendur voru átta ungmenni á aldrinum 14 – 18 ára sem höfðu fengið stuðning SÁÁ vegna áfengisvanda foreldra. Sérfræðihópurinn starfaði frá október 2013 til apríl 2014 og hittist í sjö skipti.

UNICEF, sérfræðihópur barna sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi, skýrsla gefin út árið 2013.

Þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sérfræðihópurinn fundaði með ráðherum og í kjölfarið tók ríkisstjórnin ákvörðun um veitingu viðbótarfjármagns til nýs og stærra Barnahúss og má þannig leiða líkur að því að reynsla barna hafi þannig haft bein áhrif á stefnumótun og veitingu fjármagns.

Umboðsmaður barna, skýrsla um streitu í lífi grunnskólabarna, gefin út árið 2003.

Þátttakendur komu úr ráðgjafarþekkjum umboðsmanns barna og úr nemendaráðum grunnskóla og voru á aldrinum 10 til 16 ára.

Félagasamtök

Hér verður helstu verkefnum félagasamtaka er snúa að þátttöku barna gerð skil.

Landsamband ungmennafélaga

Landsamband ungmennafélaga (LUF) eru regnhlífarsamtök ungmennafélaga á Íslandi. LUF er með sendinefnd hjá Sameinuðu þjóðunum með tveimur ungmennafulltrúum, á sviði loftslagsmála og mannréttinda, í samstarfi við félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands skipuleggur árlega viðburðinn „Ungt fólk og lýðræði“ fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára sem kemur saman til að ræða þau málefni sem brenna á ungu fólki hverju sinni. Markmið viðburðarins er að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks.

SAMFÉS

Samfés eru samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi sem vinna meðal annars að því að auka félags- og lýðræðisþátttöku ungs fólks. Samfés starfrækir ungmennaráð sem er skipað ungmennum á aldrinum 13-16 ára frá landinu öllu.

Norrænt ungmennáþing

Árið 2019 var Samfés falið að skipuleggja norrænt ungmennáþing sem var eitt af formennskuverkefnum Íslands í norrænu samstarfi¹⁸. Í verkefninu var lögð áhersla á að börn og ungmenni séu mikilvægasti hagsmunahópurinn og tryggja þurfi til framtíðar raunveruleg tækifæri til lýðræðislegrar og virkrar þátttöku ungmenna í menntun. Á ungmennáþinginu sem skipulagt var af ungmennaráðum Samfés og fulltrúum ungmenna frá Norðurlöndunum, tóku 500 ungmenni þátt, frá öllum Norðurlöndunum. Viðfangsefni þingsins voru; menntun, sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, heimsborgaravitund, friðsæl menning og tungumál. Til stendur að nýta niðurstöður þingsins til að þróa námsefni um þessi málefni.

Landsmót Samfés og Landsþing ungs fólks.

Landsmót Samfés er árlegur viðburður fyrir ungmenni af öllu landinu á aldrinum 13-16 ára, tileinkaður lýðræðislegum vinnubrögðum og valdeflingu ungs fólks. Lokadagur mótsins er helgaður Landsþingi en þar fær ungt fólk tækifæri til að tjá sig um hins ýmsu málefni sem eru þeim hugleikin og niðurstöður og ályktanir þingsins eru svo sendar ráðuneytum, sveitarstjórnnum, og fjölmiðlum.

¹⁸ <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/0889.pdf>

Dæmi um félagasamtök sem starfrækja ungmennaráð:


- UNICEF
- UN Women
- Barnaheill
- SAMFÉS
- SAFT
- UMFÍ
- Öryrkjabandalagið
- Bandalag íslenskra skáta

Könnun um réttindakennslu og lýðræðisþátttöku í skólum

Skólar gegna lykilhlutverki í því að efla börn til lýðræðislegrar þátttöku í samfélaginu. Þetta geta skólar gert með ýmsum hætti, í kennslu, við skipulagningu skólastarfs, og í starfi nemendaráða.


Á árinu 2019 vann embætti umboðsmanns barna, í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, að því að safna upplýsingum um lýðræðislega þátttöku barna í skipulagi skóla og ákvarðanatöku í skólastarfi sem og fyrirkomulag kennslu um Barnasáttmálann og réttindi barna.

Spurningakönnun um þessi atriði var send öllum skólastjórum grunnskóla og bárust svör frá um 70 skólastjórnendum en þeir eru 177 talsins. Þar sem svarhlutfall var ekki hærra verður að fara varlega í túlkun niðurstaðna en þær gefa þó ákveðna vísbendingu um stöðu mála í skólakerfinu.




Mynd 5: Er unnið með réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum í þínum skóla?

Mismikið er unnið með réttindi barna í skólum samkvæmt þeim svörum sem bárust. eru það helst umsjónarkennarar sem sjá um réttindakennslu í flestum grunnskólum en í einhverjum tilvikum samfélagsfræðikennarar og kennarar í lífsleikni. Kennslan fer oftast fram í almennri námsgreinakennslu í öllum bekkjardeildum og helstu kennsluaðferðir eru umræður. Jafnframt kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar að flestir skólastjórnendur telja að kennarar hafi ekki fengið mikla þjálfun í kennslu á þessu sviði (sjá mynd 5).




Mynd 6: Hafa kennarar í þínum skóla fengið þjálfun í að fjalla um réttindi barna?

Í svörum skólustjórnenda kemur einnig fram að ekki er til nægilegt námsefni fyrir kennslu um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum (sjá mynd 6). Hér má þó benda á vefsíðuna www.barnasattmalinn.is sem er samstarfsverkefni umboðsmanns barna, UNICEF, Barnaheilla og Menntamálastofnunar. Unnið er að endurnýjum vefsíðunnar en einnig stendur til að gefa út nýtt kynningarefni á vormánuðum 2020.



Mynd 7: Er nægilegt námsefni til fyrir kennslu um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum?

Ágætlega virðist hugað að því að veita nemendum tækifæri til að láta sjónarmið sín í ljós í skólstarfinu sem er í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans (sjá mynd 7). Það eru ánægjuleg tíðindi en nauðsynlegt er þó að tryggja að börn fái raunveruleg tækifæri til að tjá sig og láta sín sjónarmið í ljós um málefni sem varðar þau beint. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa nemendur þó nokkur áhrif á starfsumhverfi skólans.



Mynd 4: Er hugað sérstaklega að því að nemendur fái tækifæri til að láta sjónarmið sín í ljós í skólstarfinu?

Embætti umboðsmanns barna hyggst fylgja þessari könnun eftir með frekara samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Stefnt er að framkvæma sambærilega könnun í tengslum við barnaþing sem haldið er annað hvert ár til þess að fylgjast með þróuninni.

Tillögur

Eins og komið hefur fram er samráð við börn oft tilviljanakennt og eftirfylgnin lítil. Það skortir töluvert upp á að samráð við börn sé markvissst og heildstætt og að byggt sé á hugmyndafræði sem valdeflir börn og hvetur þau til frekari þátttöku. Þá væri hægt að nýta með markvissari hætti ýmsa reglubundna viðburði þar sem börn og ungt fólk kemur saman til lýðræðislegrar þátttöku.

Hér á eftir eru settar fram tillögur að breyttu verklagi í nokkrum áföngum.

Fyrsti áfangi

- Sett verði fram stefnuskjal um aukna þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku íslenskra stjórnvalda og það kynnt til samráðs. Leitað verði allra leiða til að tryggja fjölbreytt samráð við börn og ungmenni.
- Réttindaskólum verði fjölgað og verkefnið eft.
- Leiðbeiningar umboðsmanns barna um sérfræðihópa barna verði endurnýjaðar og þær kynntar með markvissum hætti fyrir þeim sem taka ákvarðanir sem varða börn.
- Tilteknum aðila verði falið hlutverk samhæfingaraðila um verkefnið samkvæmt írskri fyrirmynd um *Children and Young People's Participation Hub*. Tryggja þarf samhæfingaraðila fjármagn og starfsfólk til þess að sinna því hlutverki.
- Fest verði í sessi framkvæmd reglulegs mats á því hvernig þátttaka barna hafi verið tryggð í stefnumótun og ákvarðanatöku í málum sem varða þau, þannig að unnt verði að fylgjast með þróuninni á þessu sviði og leggja mat á þörfina á frekari úrbótum.
- Á hverju ári verði safnað saman upplýsingum og lykiltölum um þátttöku barna eins og t.d. um fjölda ungmennaráða og sérfræðihópa barna, funda þingnefnda með börnum, hlutfall stefna, áætlana, frumvarpa og þingsályktunartillagna sem varða málefni barna, þar sem börn hafa verið kölluð til samráðs með einum eða öðrum hætti.
- Gerðar verði breytingar á æskulýðslögum, og eftir atvikum sveitarstjórnarlögum, til þess að lögfesta ungmennaráð sveitarfélaga og skýra hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð.
- Tekið verði til skoðunar hvort í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa forsætisráðuneytisins eigi að kveða á um að ávallt fari fram mat á mögulegum hagsmunum barna og áhrifum á þau, þegar á upphafsstigum lagasetningar, á sama hátt og kveðið er á um mat á áhrifum á til dæmis varðandi jafnrétti kynjanna. Þannig verði tryggt að fram fari nauðsynlegt samráð við börn í öllum málum sem þau varða.
- Gerð verði úttekt á mögulegum lagabreytingum til að kveða á um nauðsynlega þátttöku barna í ýmsum lögbundnum verkefnum stofnana og ráðuneyta sem snerta málefni barna
- Samhæfingaraðili útbúi leiðarvísi um mat á áhrifum á börn ásamt eyðublaði og gátlista um framkvæmd matsins
- Tekið verði til skoðunar hvort samráðsgáttin geti nýst til að eiga nauðsynlegt samráð við börn. Taka þarf til skoðunar mögulegt aðgengi barna að gáttinni með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum og mögulegum tæknilegum lausnum.
- Undir yfirumsjón samhæfingaraðila taki stofnanir sem aðkomu hafa að málefnum barna til skoðunar aðgengi barna í víðu samhengi, hvort sem um er að ræða vefsíður, kynningarefni, ráðgjöf, þjónustu, húsnæði eða

þátttöku barna í starfshópum, formlegu samráði, stefnumótun og ákvarðanatöku. Byggt verði m.a. á niðurstöðum könnunar embættis umboðsmanns barna um innleiðingu Barnasáttmálans í starfsemi stofnana og ráðuneyta.

- Hvatt verði til þess að ráðuneyti og stofnanir setji eigin ungmennaráð á laggirnar sem verði samráðsvettvangur þar sem fjallað verði um tillögur, fyrirhugaðar breytingar á þjónustu, eða mögulegar breytingar á lögum sem varða börn. Einnig kemur til greina að ráðgjafarhópur umboðsmanns barna fái aukið hlutverk á þessu sviði. Velji ráðuneyti eða stofnanir að fara þá leið að stofna eigið ungmennaráð, mun embætti umboðsmanns barna veita stuðning við undirbúning og skipulagningu starfsins.
- Ráðuneyti og stofnanir haldi reglubundna opna samráðsfundi um ýmis málefni sem snerta börn og ungmenni, þar sem áhersla verði lögð á þátttöku þeirra og samtal við þá sem taka ákvarðanir og móta stefnu á viðkomandi málefnasviði.

Annar áfangi

- Samhæfingaraðili fundi með fulltrúum allra ríkisstofnana sem hafa aðkomu að málefnum barna, til þess að rýna í verklag og verkefni viðkomandi stofnunar, í því skyni að koma auga á og nýta möguleika á aukinni aðkomu og þátttöku barna. Þær tillögur rati síðan í aðgerðaáætlun stjórnvalda, þar sem markaður er skýr rammi utan um framkvæmd allra aðgerða, með tímasettum, kostnaðarmetnum og afmörkuðum aðgerðum.
- Ráðist verði í átak til þess að efla og bæta þekkingu opinberra starfsmanna á Barnasáttmálanum og réttindum barna. Má hér líta til verkefnis sem sænska ríkisstjórnin fól umboðsmanni barna í Svíþjóð, undir heitinu *Kunskapslyftet*.
- Komið verði á fyrirkomulagi sem tryggir að geri ráðuneyti og stofnanir samning um þjónustu eða tiltekin verkefni sem varða málefni barna, verði gert ráð fyrir þátttöku barna í viðkomandi samningi.
- Ráðuneyti og stofnanir skipi barnaréttarfulltrúa í samvinnu við embætti umboðsmanns barna. Barnaréttarfulltrúi viðkomandi stofnunar eða ráðuneytis mun þá sitja árlegt námskeið umboðsmanns, þar sem fjallað verði um réttindi barna, hagsmuni þeirra, Barnasáttmálann og mikilvægi samráðs við börn og mat á áhrifum á börn. Litið verði til sænskrar fyrirmyndar og tilraunar með svokallaða *barnrättspiloter*, sem hafa það hlutverk að vera vakandi fyrir hagsmunum barna í málum þar sem þess er þörf, fræða og upplýsa samstarfsfélaga sína, og eru stjórnendum viðkomandi stofnunar til stuðnings, í málum þar sem réttindi barna og ákvæði Barnasáttmálans koma til álita. Gert er ráð fyrir því að barnaréttarfulltrúar séu í góðum og reglulegum samskiptum við umboðsmann barna, sem veiti þeim stuðning í hlutverki þeirra.

Þriðji áfangi

- Mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar stjórnvalda til fimm ára um aukna þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Sveitarfélög verði hvött til að setja sér aðgerðaáætlun um þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun og ákvörðunartöku. Embætti umboðsmanns barna vinni að fyrirmynd slíkra áætlana og verði sveitarfélögum til ráðgjafar í þeirri vinnu.
- Sveitarfélög verði hvött til þess að halda reglulega opna samráðsviðburði um ýmis málefni barna og ungmenna þar sem áhersla verði lögð á þátttöku barna.
- Byggt verði á niðurstöðum könnunar umboðsmanns barna og Háskóla Íslands frá hausti 2019 um lýðræðisstarf í skólum. Hlutverk og tilgangur nemendaráða verði skýrt til samræmis. Leitað verði leiða til að auka aðkomu barna að skipulagningu og ákvarðanatöku í leik- og grunnskólum.
- Reglulega fari fram kannanir meðal barna og ungmenna í því skyni að leggja mat á það hvort börn upplifi raunveruleg tækifæri til þátttöku og áhrifa.

Viðaukar

Viðauki 1 – niðurstöður vinnustofu með Lauru Lundy

Vinnustofa um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku

Þann 6. nóvember 2019 hélt umboðsmaður barna ásamt félagsmálaráðuneytinu og stýrihópum Stjórnarráðsins í málefnum barna og mannréttindum, afar vel heppnaða vinnustofu með Lauru Lundy, prófessor við Queen's Háskóla í Belfast á Norður Írlandi, um þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku. Á vinnustofunni talaði einnig Dr. Carmel Corrigan, sérfræðingur hjá umboðsmanni barna á Írlandi sem fjallaði um reynslu Íra af aðgerðaáætlun um aukið samráð við börn. Vinnustofuna sátu m.a. fulltrúar ráðuneyta, stofnana, félagasamtaka og ungmennaráða.

Í lok vinnustofunnar voru umræður meðal þátttakenda þar sem þeir voru beðnir um að svara nokkrum spurningum um vel heppnað samráð við börn og koma með tillögur að auknu samráði og aðgengi barna að upplýsingum og þjónustu.

„Nefnið dæmi þar sem vel hefur verið staðið að samráði við börn“

Ungmennastarf

- Ungmennaráð.
- Ungmennaráð sveitarfélaga.
- Ungmennaráð Heimili og skóla og SAFT þar sem allar tillögur eru bornar undir ráðið áður en þær eru birtar.
- Ungmennaráð Menntamálastofnunar (galli þó að MMS er ekki stefnumótandi aðili en þau gætu þó haft áhrif á framkvæmd stefnunnar).
 - o Tjáðu sig um samræmd próf eftir mistök með rafræna framkvæmd og fengu það í gegn.
- Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
- Ungmennaráð Barnaheilla.
- Ungmennaráð UNICEF.
- Samfés og Luf – grasrótin!
- Allt sem Samfés gerir.
- Luf stendur sig vel.
- Landsþing ungmennahúsa.
- Ungmennaping Öryrkjabandalags Íslands sem samanstóð af börnum með fatlanir, raskanir og langveik börn.
 - o Mikilvægt að hlusta á þeirra raddir en börnin kvörtuðu yfir því að á þau sé ekki hlustað og mikil forræðishyggja þegar kemur að málefnum þeirra.
- Fundur barna og ungmenna hjá Öryrkjabandalaginu.

Sveitarfélögin

- Menntastefna Reykjavíkur var m.a. unnin út frá hugmyndum barna.
- Starfshópar í Reykjavík hafa nýtt viðhorf og hugmyndir barna tekið rýnihópaviðtöl og hugmyndir kynntar.
- Sambönd sveitarfélaga í Noregi hafa verið með margt áhugavert í tengslum við samráð við ungmenni.
- Hringurinn, verkefni í þjónustumiðstöð Miðgarði. Er ekki unnið lengur.
- Samráð bekkjarfunda.

- Efling nemendaráða, fulltrúar nemenda í skólaráðum, skólaþing.
- Skólaráð í grunnskólum eiga öll fulltrúa nemenda.
- Leik- og grunnskólar, t.d. í tengslum við réttindaskóla og réttindavitund.
- Leikskólabörn í Reykjavík hafa fengið að segja sitt álit á leikskólalóðum og hugmyndir þeirra verið nýttar í skipulagsvinnu.
- Ytra mat í leik- grunn- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, þar eru alltaf rýnihópar barna – fá fram þeirra viðhorf
- Bekkjarfundir í skólum geta nýst til að ræða við bekkinn um það sem betur má fara – reglulegir fundir.
- Diamond ranking aðferð notuð með yngstu börnunum (myndir).

Ríkisvaldið

- Umboðsmaður barna.
- Krakka RÚV.
- Ráðningarferli umboðsmanns barna.
- Stjórnlagaráð – þegar verið var að ræða stjórnarskrárbreytingar 2011.

Annað

- *Réttindaskólar (lýðræðisleg þátttaka barna).*
- *Skuggaþing (lýðræðisleg þátttaka barna).*
- *Réttindaskólar UNICEF.*
- *Réttindaráð í Réttindaskólum UNICEF – börn eru t.d. í meirihluta á fundum – fullorðnir skapa rými en börnin eiga það.*
- *Viðtöl við börn í Barnahúsi eru of atviksbundin*

„Hvaða leiðir getum við farið til að auka og efla samráð við börn?“

Leik- og grunnskólar

- Laga umgjörð og fyrirkomulag samráðs að stundatöflu og tempói barna.
- Styrkja lýðræðisfræðslu á öllum skólastigum og flétta inn í allt skólastarf.
- Gæta að því að þjálfar starfsfólk s.s. innan skólasamfélagsins í að eiga samtöl við börn.
- Efla þátt lýðræðis og gagnrýna hugsun í kennslu til nemenda í grunnskóla.

Ungmennastarf

- Að ungmennaráð íþróttafélaga yrðu eflað og stofnuð í öllum íþróttafélögum.
- Auka aðgang ungmennaráða frjálsra félagasamtaka.
- Skólaráð og ungmennaráð – gera nemendur þátttakendur sem þau vita að skiptir máli.
- Leitað í þekkingarbrunn þeirra sem starfa með börnum/ungmennum í frístundum og félagsmiðstöðvum.
- Láta ungmenni fræða önnur ungmenni (jafningjafræðsla).
- Ungmennaráðsmeðlimir myndu stjórna umræðum í minni hópum.

Upplýsingar og fræðsla

- Fræðsla fyrir börn og ungmenni.
- Upplýsingar settar fram á hnitmiðuðum texta.
- Upplýsingar í myndmáli og á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfar starfsfólk í að hlusta á börn og styðja þau í að sækja þjónustu.

- Auka samtal og samráð þeirra sem vinna við barna- og ungmennastarf markvisst.
- Upplýsa um forsendur og dagskrá samtals fyrir börn og fullorðna.
- Þjálfa nemendur/börn í því að koma sínum sjónarhornum á framfæri.

Þjálfun fyrir börn.

- Samræma og einfalda upplýsingaleiðir.
- Setja upplýsingar á barnvænt form.
- Hvernig geta stofnanir bætt aðgengi barna að upplýsingum og þjónustu?
- Upplýsingafulltrúi barna hjá stofnunum, hefði það hlutverk að hjálpa sérfræðingum að eiga samráð við börn.
- Tryggja og virkja upplýsingastefnu stjórnvalda.
- Kortleggja hvert á að skila og sækja upplýsingar.
- Gera skýrt til hvaða aðila eða hvert á að leita ef þig vantar þjónustu innan ákveðinnar stofnunar.
- Gera ráð fyrir að það sé hluti af veittri þjónustu hjá hinu opinbera að þjónusta börn.
- Gæta þess að börn viti hvað verður um upplýsingarnar sem þau deila.
- Tryggja fjármagn til að gera húsnæði og upplýsingagjöf aðgengilega fyrir börn.
- Auka tækifæri barna og ungmenna til að sækja upplýsingar.
- Fræðsla fyrir yngri börn í skólum, leikskólum og frístund.
- Þjálfa börn í að segja skoðanir sínar og taka afstöðu í samfélagslegum málum.

Aðgengi og þátttaka barna

- Aðgengi fyrir alla hópa, t.d. fötluð börn og börn af erlendum uppruna.
- Finna leiðir til að börn og ungmenni geti tekið þátt í viðburðum og ákvarðanatökum sem koma þeim við.
- Skapa aðstöðu.
- Auka aðgengi barna og ungmenna.
- Koma fyrr í ferlinu að borðinu.
- Efla þátttöku í daglegum viðfangsefnum – frekar en að í umgjörð eins og t.d. þemadögum, t.d. val á mat í hádegi.
- Að fólk hafi rými til að hlusta og heyra hvað börn segja. Ræða saman, ná samkomulagi.
- Samráð og þátttaka barna þarf að vera hluti af dagsdaglegum verkefnum – ekki átaksverkefni .
- Gefa þeim tíma til að tjá sig og tíma.
- Tala meira um gildi og börn séu þátttakendur – réttindi, skyldur og ábyrgð.
- Auka vettvang fyrir börn til þess að tjá skoðanir sínar í sveitarfélögum.
- Tala við börnin- mikilvægi samtalsins
- Viðurkenna börn og ungmenni sem sækja fundi
- Spyrja börn að þessu – hvað virkar fyrir þau. Það getur verið fjölbreytt og mismunandi eftir einstaklingum, ekki fara bara eina leið endilega.
- Virkja börn í ráðum t.d. með að vera með talsmenn – fá hugmyndir frá þeim.
- Rýnihópar barna hjá stofnunum.

Ríkið

- Móta stefnu.
- Skýra stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda sem allir geta fylgt eftir og unnið að.
- Barnaþing – má færa aldur barna neðar, nota þá aðrar aðferðir t.d. Diamond ranking, styttri fundi.
- Færri embættismenn sem eru of stífir.
- Áform um lagasetningu og gögn frá stjórnvöldum séu gerð í fleiri en einni útgáfu, á fleiri en einu tungumáli o.s.frv.
- Barnamálaráðherra á að vera með síðu fyrir börn.

Tækninýting

- Nýta tæknina betur.
- Nýta tækninýjungar til að ná lengra.
- Gera skiljanlegar upplýsingar á netinu, ekki á lögfræðitungumáli, t.d. í gegnum snjallsíma.
- Hvernig vilja þau nálgast efnið?
- Nota samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum en þegar börn eru spurð, t.d. af Rannsóknum og greiningu, að þau fái líka kynningu á niðurstöðum.
- Fjölbreytt miðlun.
- Auglýsa í öllum formum á samfélagsmiðlum.
- Miðlæg vefsíða þar sem stofnanir gætu birt upplýsingar sem væri gagnlegt að skila til barna.
- Barnvænleg útgáfa af gögnum stjórnvalda.
- Gera barnasíðu – áhugaverða síðu sem líkist Krakkafréttum Ríkissjónvarpsins eða er eins og síðan Áttavitinn sem er fyrir eldri börn.
- Myndrænar upplýsingar geta verið gagnlegar.

Annað

- Lundy módelið og írska áætlunin með staðfærslu.
- Menning. Frá fyrstu árunum, ef börn fá tækifæri frá upphafi til að tjá sig almennt um mál sem þau varða, hversu hversdagleg sem þau eru, eru meiri líkur á að þau tjái sig um erfið mál síðar.
- Rýna í „good practices“ sem við höfum þegar.
- Sjá tækifærin ekki bara það sem getur farið „úrskeiðis“.
- Jákvæðari viðmót allra starfsmanna til barna.
- Góðar fyrirmyndir með góð gildi.
- Efla samráð.
- Hver og ein stofnun skoði hjá sér hvað má betur fara.
- Dæmisögur.

„Hvernig er hægt að auka færni fagfólks í að ræða við börn?“

Upplýsingar og fræðsla

- Fræðsla og þjálfun, t.d. í tengslamiðaðri nálgun.
- Gera fólk meðvitaðra um hvað það er fjölþætt verkefni að tryggja rétt barna með því að hlusta, skilja og ekki síst koma í framkvæmd sjónarmiðum barna.
- Námskeið í viðtalstækni.
- Að fólk læri að koma fram við börn sem jafningja sína.
- Menntun og þjálfun með börnum.
- Breyta viðhorfi fólks til barna. Börn hafa heilmikið til málanna að leggja.
- Þjálfum og hæfni í að tala við börn.
- Virk endurmenntun þeirra sem vinna með börnum.
- Liður í námi allra fagstétta: Að ræða við börn.
- Þarf að vera hluti af námi leikskólakennara, kennara, tómstundafræðinga o.fl.
 - o Ríkið þarf að setja fjármagn í að efla þennan þátt.
- Búa til leiðbeiningar – gátlista o.fl. til að styðjast við. Verður að vera til.
- Fagfólk hafi tækifæri til þess að ígrunda reynslu sína með samstarfsfólki.
- Auka aðgengi að vettvangi frjálsra félagasamtaka að fræðslu til þeirra sem vinna með börnum.

Samskipti

- Efla samskiptafærni almennt, taka tillit til umhverfis, framkomu o.s.frv.
 - o Á allt fagfólk að hafa þá færni (eða getur það?) hvað með að fagfólk hefði aðgang að sérfræðingum og leiðbeiningum með samtalið.
- Tala við börn sem jafningja.
- Virk hlustun.
- Ekki flækja einfalda hluti.
- Ekki koma fram við þau eins og börn heldur jafningja.
- Aðferðir – aðferðafræði.
- Að læra að forðast leiðinda athugasemdir eins og „og hvað finnst þér um þetta“ frá fagaðilum.
- Allir séu á jafningjagrundvelli.
- Fullorðnir séu hvattir til þess að leita ráða hjá börnum um hvernig á/er hægt að ræða við þau.

Annað

- Draga úr streitu í vinnuumhverfi þeirra sem vinna með börnum.
- Skýra stefnumótun yfirvalda í grunnmenntun þeirra sem vinna með börnum.
- Ráðstafa fjármagni með tilliti til þarfa barna.
- Æskulýðssjóður stofnaður.
- Meira fjármagn í barnastarf.

Viðauki 2 – tillögur frá barnaþingi, 21. – 22. nóvember 2019

Stutt samantekt á helstu áherslum á barnaþingi 2019

Skólar og menntun

Rætt var um fjölmörg atriði sem tengjast skólum og menntun barna.

Barnaþingmenn vildu að dregið yrði úr heimanámi og val í grunnskólum yrði aukið. Þá fannst þeim einnig mikilvægt að skólinn kenni efni sem komi til með að nýtast börnum í framtíðinni. Stytting framhaldsskólanna var einnig rædd og mikilvægi þess að skoða hvaða áhrif hún hefur haft.

„Skipuleggja stundatöfluna betur, hafa skólann opinn í klukkutíma í viðbót til þess að klára heimanámið alla daga með kennara, læra meira fyrir minni heimavinnu“.

Mannréttindi

Mannréttindi voru mikið rædd og barnaþingmenn vildu að öllum væru tryggð mannréttindi. Sérstaklega var tekið fram að jafnrétti eigi að gilda þegar kemur að rétti til náms og heilbrigðisþjónustu.

„Allir fá að vera þeir sjálfir“.

„Jöfn laun fyrir konur og karla“.

Áhersla var lögð á að bæta þurfi aðgengi að leiksvæðum og byggingum fyrir börn í hjólastólum og mikilvægi þess að almenningssvæði séu aðgengileg fyrir alla. Þá vildu þau að börn fengju tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélagið og barnaþing væri haldið oft.

Umhverfismál

Barnaþingmenn vildu meðal annars minnka plastnotkun, draga úr kjötneyslu og stuðla að minni bílanotkun. Auk þess var fjallað um mikilvægi þess að koma í veg fyrir matarsóun.

„Við viljum að það verði hætt að nota plast, hætt að framleiða hluti á óumhverfisvænan hátt, flokka betur og nota bíla minna“.

Heilsa og líðan

Barnaþingmenn vildu að allir hefðu aðgang að læknishjálpi og frítt væri að sækja sér þjónustu hjá læknum, sálfræðingum og tannlæknum.

„Andleg heilsa er jafn mikilvæg líkamlegri heilsu“.

„Hjálpa börnum sem líður illa“.

Fram kom að mikilvægt sé að koma í veg fyrir allt einelti og auka þurfi áherslu á góðmennsku og virðingu fyrir öðrum. Þá þurfi að hvetja og styrkja þá sem eru leiðir og taka betur á því þegar um einelti er að ræða. Þingmenn vildu að hætt yrði sölu á orkudrykkjum, sígarettum og vörum sem notaðar eru fyrir rafrettur.

Íþróttir

Það sem barnþingmenn lögðu hvað mesta áherslu á þegar kemur að íþróttum var annars vegar mikilvægi þess að öllum sé gefinn kostur á því að stunda íþróttir og hins vegar að draga þurfi úr kostnaði við íþróttaiðkun.

„Minnka kostnað í íþróttum! Svo allir geti stundað“.

Fjölskylda og vinir

Áhersla var lögð á rétt barna til þess verja meiri tíma með fjölskyldu sinni. Barnþingmenn vildu jafnrétti inni á heimilunum og að hlustað sé jafnt á alla meðlimi fjölskyldunnar. Einnig var fjallað um jafnan rétt allra barna á að eiga góða fjölskyldu, heimili og vini.

„Meiri tíma með vinum og fjölskyldu“.

Heimsmálin

Barnþingmenn fjölluðu um heimsmálin og einkum mikilvægi þess að koma í veg fyrir stríð. Þeim þótti mikilvægt að stuðla að friði í heiminum og efla samtal og samstarf á milli heimshluta.

„Heimurinn talar saman og lagar þá hluti sem þarf að laga saman. T.d. læknisaðstoð, hungur og stríð“.

Samgöngur

Í umræðum barnþingmanna var áberandi áhersla lögð á að hafa frítt í strætó. Samgöngumálin voru mikið rædd í samhengi við loftslagsmál og óskuðu barnþingmenn eftir bættum hjólastígum, fleiri hjólagrindum við skóla og reglulegri strætóferðum.

„Frítt í strætó fyrir alla landsmenn svo fleiri nýti sér það og bílanotkun minnki“.

Velferð dýra

Ljóst er að velferð dýra var barnþingmönnum hugleikið málefni. Algengt var að tengja saman umhverfismál og kjötneyslu sem og kjötneyslu og velferð

dýra. Þingmenn lögðu ekki eingöngu áherslu á stöðu mála hér á landi heldur var þeim ofarlega í huga ástandið úti í heimi.

„Minnka kjötneyslu og hætta dýraníði því það er óréttlátt og því kjöt mengar og við þurfum að bjarga jörðinni strax“.

Fram komu ýmsar hugmyndir um næstu skref í málaflokknum. Það væri til dæmis hægt að hafa grænmeti ódýrara, hvetja skóla til þess að hafa oftari grænkerafæði á boðstólnum, fræða almenning um dýr og kenna börnum um grænkerafæði í heimilisfræði.

Fjármál og atvinna

Rætt var um mörg atriði sem tengjast atvinnu og fjármálum. Barnaþingmenn vildu að kennarar, hjúkrunarfræðingar og strætóbílstjórar fengju greidd hærri laun. Þá kom fram að laun fyrir ungmenni ættu almennt að vera hærri og meira framboð á atvinnutækifærum. Barnaþingmenn vildu að skattar yrðu lækkaðir og talsverð áhersla var einnig lögð á það að börn eigi ekki að greiða skatt fyrr en við 18 ára aldur.

“Skattar barna!!! Segjum að þú færð góða vinnu og ert orðinn 16+, þarftu þá að borga skatt? Já, mér finnst að maður eigi að byrja að borga skatt 18 + fjárráða“.